# Fundargerð 298. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

**Fundarstaður:** Þingborg
**Fundardagur:** þriðjudagur 4. júní 2024
**Fundartími:** 16:00-17:54
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Anný Ingimarsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta tveimur málum við útsenda dagskrá fundar, annars vegar þakkir frá Sigríði Jónu Kristjánsdóttur og erindi vegna skólalóðar og framkvæmda við Flóaskóla. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. **Fundargerð skipulagsnefndar nr. 281, dags. 29.05.2024**
   a) **Merkurhraun 18 (L173893); byggingarheimild; bílageymsla – 2405042**
   Móttekin er umsókn þ. 07.05.2024 um byggingarheimild fyrir 39,2 m2 bílageymslu á sumarbústaðalandinu Merkurhaun 18 L173893 í Flóahreppi.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Berist engar athugasemdir vegna grenndarkynningar skal málinu vísað til afgreiðslu byggingarfulltrúa.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   b) **Þingdalur land L203005; Þingbakki; Breytt heiti lóðar – 2405060**
   Lögð er fram umsókn er varðar breytingu á staðfangi Þingdals lands L203005. Óskað er eftir að landeignin fái staðfangið Þingbakki. Landið er úr Þingdal og liggur að gili og er bakki þar fyrir ofan.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemd við nýtt staðfang landsins.*

   Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að staðfang landsins Þingdalur land L203005 verði Þingbakki. Staðfangið Þingbakki er ekki að finna nú þegar innan sveitarfélagsins.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.

   c) **Krókur L166363; Leiðrétting greinargerðar; Deiliskipulagsbreyting – 2405082**
   Lögð er fram tillaga deiliskipulagsbreytingar er varðar Krók L166363 í Flóahreppi. Í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið sem tók gildi með birtingu í B-deild Stjórnartíðinda þann 23.11.2022. Við yfirferð skipulagstillögu eftir gildistöku kom í ljós innsláttarvilla þar sem tilgreint er um byggingarheimildir á lóð 2 innan skipulagsins. Lagt er fram uppfært skipulag þar sem skilmáli er leiðréttur í takt við uppdrátt.
   *Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem um leiðréttingu á innsláttarvillu er að ræða er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Mælist nefndin til þess að breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagsi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem um leiðréttingu á innsláttarvillu er að ræða er ekki talin þörf á grenndarkynningu. Breytingin taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda og verði send Skipulagsstofnun til varðveislu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) **Mosató 2 L225132; Skilmálabreyting; Deiliskipulagsbreyting – 2405081**

Lögð er fram beiðni um óverulega breytingu á skilmálum deiliskipulags sem tekur til Mósatóar 2 L225132. Í breytingunni felst að heimildir er varðar aukahús á lóð verða felldar úr skipulaginu. Í stað þess verði aukið við heimildir fyrir byggingu einbýlishús úr 250 í 310 fm.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á deiliskipulagi svæðisins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á deiliskipulagi. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi fer sveitarstjórn ekki fram á grenndarkynningu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) **Hólshús L165488; Betukot; Stofnun lóðar – 2403066**

Lögð er fram umsókn ásamt lóðablaði er varðar stofnun lóðar úr landi Hólshúsa L165488. Óskað er eftir að stofna 23.350 fm lóð og að hún fái staðfangið Betukot. Aðkoma að lóðinni er frá Arnarhólsvegi (315).

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að ekki verði gerð athugasemds við stofnun landsins. Gögn málsins teljast þó ekki fullnægjandi merkjalýsing á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024 og mælist því nefndin til þess við sveitarstjórn að afgreiðslu málsins verði frestað. Að mati skipulagsnefndar skal liggja rökstuðningur að baki staðfangi lóðarinnar auk þess sem nefndin mælist til þess að fyrir liggi samþykki Vegagerðarinnar vegna nýrrar tengingar við héraðsveg.*

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við stofnun 23.350 fm lóðar. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem gögnum málsins er ábótavant varðandi fullnægjandi merkjalýsingu á grundvelli reglugerða um merki fasteigna nr. 160/2024. Sveitarstjórn fer fram á rökstuðning að baki staðfangi lóðarinnar auk þess sem kallað er eftir samþykki Vegagerðarinnar vegna nýrrar tengingar við héraðsveg.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) **Hraungerði L166237; Þinghús; Skilgreining lóðar og byggingarheimilda; Deiliskipulag – 2308032**

Fyrir liggur tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til landskika úr landi Hraungerðis L166237 eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Deiliskipulagstillagan tekur til nýrrar lóðar sem stofnuð verður úr jörðinni. Nýja lóðin kemur til með að bera heitið Þinghús eftir gamalli þinghúsatóft sem er innan skipulagssvæðisins. Á svæðinu verður heimild til að byggja íbúðarhús, gestahús, bílskúr og/eða skemmu eða önnur útihús. Núverandi metangasstöð sem staðsett er í Hraungerði verður flutt vestur yfir Oddgeirshólaveg og verður starfrækt innan nýrrar lóðar Þinghúsa. Athugasemdir bárust við gildistöku málsins frá Skipulagsstofnun. Athugasemdir ásamt uppfærðum gögnum eru lögð fram við afgreiðslu málsins.

*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna þar sem m.a. er skerpt á skilmálum í kafla 3.1. er varðar hámarksbyggingarheimildir auk þess sem skýrar er gert grein fyrir áformum um orkustöð,*

*stærðir, frágang o.fl. Auk þess hefur afmörkun skipulagssvæðisins verði lagfærð vegna skörunar við skipulagssvæði gildandi deiliskipulags Heiðargerðis. Mælist nefndin til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*
*Walter Fannar vék af fundi við afgreiðslu málsins.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og afgreiðslu Skipulagsstofnunar og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda. Gögnin verði send Skipulagsstofnun til varðveislu í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögn sem barst vegna málsins með fullnægjandi hætti innan uppfærðra deiliskipulagsgagna þar sem m.a. er skerpt á skilmálum í kafla 3.1. er varðar hámarksbyggingarheimildir auk þess sem skýrar er gert grein fyrir áformum um orkustöð, stærðir, frágang o.fl. Auk þess hefur afmörkun skipulagssvæðisins verði lagfærð vegna skörunar við skipulagssvæði gildandi deiliskipulags Heiðargerðis.

Walter Fannar vék af fundi við afgreiðslu málsins.
Samþykkt með 4 atkvæðum

g) **Tildra L235690; Landbúnaðarland og frístundabyggð; Deiliskipulag – 2311005**
Lögð er fram eftir auglýsingu tillaga nýs deiliskipulags sem tekur til frístundasvæðis og landbúnaðarsvæðis í landi Tildru í Flóahreppi. Í skipulaginu felst m.a. skilgreining frístunda- og landbúnaðarlóða auk byggingarheimilda innan þeirra. Við hönnun á byggingum verður lögð áhersla á að láta þær falla inn í umhverfið. Nýtingarhlutfall er að hámarki 0,03 fyrir frístundalóðir. Á landbúnaðarlóðum er heimilt að byggja íbúðarhús auk útihúsa. Hús skulu vera einnar til tveggja hæða og mesta hæð frá botnplötu upp á mæni má vera 7,0 m. Heimilt er að byggja aukahús/gestahús allt að 40 m² að stærð og geymslu allt að 25 m². Þessar byggingar teljast með í heildarbyggingamagni lóðar. Heimilt er að byggja allt að þrjú hús á hverri lóð. Byggingarhlutar sem óhjákvæmilega ná upp fyrir þak svo sem þakgluggar, reykháfar og loftræstibúnaður mega fara upp fyrir hámarkshæð þaks að því marki sem nauðsyn ber til. Öll hús á skipulagssvæðinu skulu falla vel að landi. Byggingarreitir B1 - Heimilt er að byggja frístundahús ásamt gestahúsi/geymslu allt að 150 m². Byggingarreitir B2 - Heimilt er að byggja íbúðarhús ásamt útihúsum og geymslu allt að 350 m². Breytingar hafa verið gerðar á tillögunni eftir auglýsingu sem taka til aðkomu að svæðinu.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna. Mælist skipulagsnefnd þó til þess að bætt verði við umfjöllun um lausafjármuni á lóðum í greinargerð skipulagsins þar sem tiltekið verði að söfnun lausafjármuna innan lóða s.s. gáma og óskráðra ökutæka sé óheimil. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um uppfærð gögn.*

Sveitarstjórn Flóahrepps fer fram á að greinargerð skipulagsins verði uppfærð m.t.t. umfjöllunar um lausafjármuni á lóðum þar sem tiltekið verði að söfnun lausafjármuna innan lóða s.s. gáma og óskráðra ökutæka sé óheimil. Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um uppfærð gögn skv. ofangreindu. Sveitarstjórn telur að brugðist hafi verið við umsögnum sem bárust vegna málsins með fullnægjandi hætti innan gagnanna.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) **Skálmholt land L186111; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2405029**

Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar íbúðarsvæði Skálmholti 186111. Í breytingunni felst að felld er út skilgreining er tekur til þess að á hverri lóð sé eingöngu heimilt að byggja íbúðarhús ásamt bílskúr.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

i) **Krækishólar lóð L166421; Breyttir skilmálar; Aðalskipulagsbreyting – 2405030**
Lögð er fram tillaga óverulegrar breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps er varðar íbúðarsvæði Krækishólum L166421. Í breytingunni felst að felld er út skilgreining er tekur til þess að á hverri lóð sé eingöngu heimilt að byggja íbúðarhús ásamt bílskúr.
*Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.*

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir viðkomandi breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er varðar óverulega breytingu á aðalskipulagi. Niðurstaða sveitarfélagsins verði auglýst og málið sent Skipulagsstofnun til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) **Mosató 7 L232388; Fyrirspurn – 2405037**
Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar er varðar breytta landnotkun lóðar Mosató 7.
*Sambærileg fyrirspurn var nýverið afgreidd í sveitarstjórn Flóahrepps þar sem skipulagsfulltrúa var falið að kalla eftir fundi með fyrirspyrjanda þar sem áform um uppbyggingu væru skýrð nánar. Mælist skipulagnefnd til þess að skipulagsfulltrúa verði falið að funda með eigendum lóða 6, 7 og 8 varðandi framtíðarskipulag viðkomandi lóða.*

Sveitarstjórn bendir á bókun sína frá 297. fundi sveitarstjórnar dags. 07.05.2024 varðandi sambærilega fyrirspurn. Sveitarstjórn felur skipulagsfulltrúa að kalla eftir fundi með fyrirspyrjanda þar sem áform um uppbyggingu eru skýrð nánar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

2. **Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa nr. 205, dags. 15.05.2024**
Lagt fram til kynningar.
3. **Erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda – Viðgerð á Einbúavegi**
Fyrir liggur erindi frá Ungmennafélaginu Þjótanda þar sem óskað er eftir samstarfi við sveitarfélagið um lagfæringar á veginum að útivistarsvæðinu í Einbúa fyrir 17. júní hátíðarhöld í ár.
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi og samþykkir að veita Ungmennafélaginu Þjótanda styrk til lagfæringar vegar að útivistarsvæðinu í Einbúa. Sveitarstjórn samþykkir að greiða fyrir efni og flutning á efni, 50 m3. Ungmennafélagið sér um að jafna út efninu og hefla veginn.

Samþykkt með 4 atkvæðum.
Harpa Magnúsdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.

4. **Svæðisbundið Farsældarráð á Suðurlandi**
Fyrir liggur erindi frá Bjarna Guðmundssyni dagsett 16.05.2024, f.h. SASS þar sem leitað er umboðs sveitarfélagsins til þess að gera viðaukasamning undir merkjum Sóknaráætlunar við

Mennta- og barnamálaráðuneytið til tveggja ára vegna fjármögnunar innleiðingar svæðisbundinna farsældarráða. Í samningi felst heimild ti þess að ráða í ½ - 1 stöðu verkefnisstjóra eftir umfangi verkefna. Gert er ráð fyrir einu farsældarráði í hverjum landshluta. Fjármunir fylgja samningnum og felur hann því ekki í sér fjárhagslegar skuldbindingar fyrir aðildarsveitarfélög SASS.
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir að veita SASS umboð til að gera viðaukasamning undir merkjum sóknaráætlunar við Mennta- og barnamálaráðuneytið til tveggja ára vegna fjármögnunar innleiðingar svæðisbundinna farsældarráða.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. **Ákvörðun um laun í vinnuskóla Flóahrepps 2024**
Tillaga frá sveitarstjóra um að laun í vinnuskóla Flóahrepps taki breytingum frá fyrra ári skv. launavísitölu.
Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda tillögu um uppfærð laun í vinnuskóla Flóahrepps sumarið 2024.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. **Ábyrgð Flóahrepps vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga**
Ábyrgð Flóahrepps vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-
Bókun vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu vegna kaupa á dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum.
Flóahreppur samþykkir hér með að veita einfalda ábyrgð vegna lántöku Brunavarna Árnessýslu hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 190.000.000.-, í samræmi við skilmála láns til ársins 2039 eins og þeir verða á þeim tíma er lánið er tekið. Er ábyrgð þessi veitt sbr. heimild í 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og er hún óskipt (in solidum) gagnvart kröfuhafa, en innbyrðis skiptist hún í hlutfalli við eignarhluti í Brunavörnum Árnessýslu. Flóahreppur veitir lánasjóðnum veð í tekjum sínum til tryggingar þeirri ábyrgð, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sömu laga. Ábyrgðin tekur til allra greiðslna sem og hvers kyns kostnaðar sem hlýst af vanskilum.
Er lánið tekið til að fjármagna kaup á nýjum dælubíl, vegna byggingar á tækja- og búnaðargeymslu á Laugarvatni og vegna fyrsta áfanga byggingar á Flúðum, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.
Flóahreppur skuldbindur hér með sveitarfélagið sem eiganda Brunavarna Árnessýslu til að breyta ekki ákvæði samþykkta félagsins sem leggur hömlur á eignarhald að félaginu að því leyti að félagið megi ekki fara að neinu leyti til einkaaðila.
Fari svo að Flóahreppur selji eignarhlut í Brunavörnum Árnessýslu til annarra opinberra aðila, skuldbindur Flóahreppur sig til að sjá til þess að jafnframt yfirtaki nýr eigandi á sig ábyrgð á láninu að sínum hluta.
Jafnframt er Huldu Kristjánsdóttur, kt 300184-3249, sveitarstjóra Flóahrepps, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess að staðfesta f.h. Flóahrepps veitingu ofnangreindrar ábyrgðar með áritun á lánssamninginn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. **Frá Skipulagsgátt: Umsagnarbeiðni – Breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036 – Breyting á legu Selfosslínu 1, nr. 0611/2024: Auglýsing tillögu (breyting á aðalskipulagi)**
Fyrir liggur umsagnarbeiðni frá Skipulagsgátt vegna máls nr. 0611/2024 er varðar breytingu á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036: Breyting á legu Selfosslínu 1.
Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við tillögu og felur skipulagsfulltrúa að senda inn umsögn inn á Skipulagsgátt þess eðlis.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. **Þakkir frá Sigíði Jónu Kristjánsdóttur, fyrsta heiðursborgara Flóahrepps**
Sigríður Jóna Kristjánsdóttir sendir sínar bestu þakkir til sveitarstjórnar Flóahrepps fyrir þann heiður að vera útnefnd fyrsti heiðursborgari Flóahrepps þann 30. maí síðstliðinn og fyrir þær skyldur sem sveitarfélagið skuldbindur sig til þess að framfylgja gagnvart heiðursborgurum. Reglur um val og útnefningu heiðursborgara í Flóahreppi eru aðgengilegar á heimasíðu Flóarhepps.

9. Erindi vegna skólalóðar Flóaskóla og framkvæmda við Flóaskóla
Fyrir liggur erindi frá skólastjóra, húsverði Flóaskóla og umsjónarmanni fasteigna varðandi skólalóðar og framkvæmda við Flóaskóla. Í erindinu er óskað eftir því að malarplan þar sem gamli skólinn var áður verði malbikað þar sem ljóst er að ekki verður byggt við skólann þar í nánustu framtíð. Einnig er óskað eftir því að fá upphitaðan 20 fm gám við Þjórsárver til að mæta skorti á geymslurými fyrir skólann.
Sveitarstjórn Flóahrepps þakkar innsent erindi. Sveitarstjórn tekur undir að skoða malbikun á malarplaningu upp við skólann ásamt frekari malbikunarframkvæmdum á skólalóðinni. Umsjónarmanni fasteigna falið að fá tilboð í malbikun á planinu og skila til sveitarstjóra. Sveitarstjórn samþykkir að farið verði í malbikun á plani ef það rúmast innan fjárfestingaráætlunar Flóaskóla á árinu 2024 sem hluti af framtíðaruppbyggingu við skólann. Umsjónarmanni fasteigna er jafnframt falið að fá tilboð í kaup eða leigu á upphituðum gámi við Þjórsárver ásamt því að kanna stöðuleyfi fyrir slíkan gám á svæðinu hjá byggingarfulltrúa. Sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna falið að útfæra lausnir fyrir geymslurými vegna Flóaskóla.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. **Fundargerðir:**
   a) Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 297, dags. 14.05.2024
   b) Fræðslunefndar Flóahrepps nr. 151, dags.
   Varðandi lið 5 undir málefnum Krakkaborgar þá hvetur sveitarstjórn stjórnendur til að taka saman lista yfir viðhaldsverkefni á skólalóðinni og senda á sveitarstjóra og umsjónarmann fasteigna. Frekari áform um aðkeypta ráðgjöf eða kaup á leiktækjum á skólalóð er vísað til fjárhagsáætlunargerðar fyrir árið 2025 og eru stjórnendur hvattir til að senda inn mótaðar hugmyndir og kostnaðaráætlun tímanlega.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   c) Framkvæmda- og veitunefndar nr. 22, dags. 23.05.2024
   d) Umhverfis- og samgöngunefndar dags. 23.05.2024
   Varðandi lið 2 í fundargerð þá samþykkir sveitarstjórn að gera breytingar á umhverfisverðlaunum sveitarfélagsins skv. tillögum frá nefndinni. Umhverfis- og samgöngunefnd er falið að leggja drög að uppfærðum reglum fyrir sveitarstjórn til staðfestingar áður en kemur að veitingu verðlaunanna á árinu 2025.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   e) Stjórnar Arnardrangs hses. nr. 13, dags. 22.04.2024
   f) Stjórnar Samtaka Orkusveitarfélaga nr. 72, dags. 02.05.2024
   g) Stjórnar SASS nr. 609, dags. 10.05.2024
   h) Stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands nr. 326, dags. 14.05.2024
   i) Öldungaráðs Uppsveita og Flóa nr. 1, dags. 15.05.2024

11. **Efni til kynningar**
   a) Ungmennaráðstefnan Ungt fólk og lýðræði 2024
   Sveitarstjórn felur íþrótta- æskulýðs- og menningarnefnd að kalla eftir fulltrúum Flóahrepps á ungmennaráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 2024.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   b) Frá Framkvæmdasjóði Ferðamannastaða – Synjun umsóknar um styrk
   Þrátt fyrir synjun á styrk er sveitarstjóra falið að skoða vinnu við lagfæringar á gönguleiðinni svo sem nýjum stikum og upplýsingaskiltum.
   Samþykkt með 5 atkvæðum.
   c) Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka – Fréttatilkynning frá Mennta- og barnamálaráðuneyti
   Fyrir liggur fréttatilkynning af vef Mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka er kynnt og er staðsetningin Hamarskot í Flóahreppi.
   Sveitarstjórn Flóahrepps gerir athugasemdir við að Mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa hafi ekki upplýst sveitarfélagið um áform sín um að opna meðferðarheimili að nýju í Hamarskoti. Sveitarstjórn er ljóst að um mikilvæga starfsemi er

að ræða sem og ágætan húsakost sem er í eigu ríkisins. Engu að síður er mikilvægt að mati sveitarstjórnar að sveitarfélagið og íbúar sem búa í nágrenni meðferðarheimilis séu upplýstir um málið. Að mati sveitarstjórnar er eðli starfseminnar á meðferðarheimilinu Lækjarbakka ólík þeirri starfsemi sem var áður rekin í Hamarskoti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að starfsleyfi er ekki hægt að færa frá Lækjarbakka í Hamarskot án eðlilegs ferils varðandi umsókn um starfsleyfi. Sveitarfélagið fer fram á að Barna- og fjölskyldustofa bjóði upp á samtal/kynningu fyrir sveitarstjórn og íbúa vegna málsins og er sveitarstjóra falið að útfæra það með framkvæmdastjóra Barna- og fjölskyldustofu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Frá Miðstöð menntunar og skólaþjónustu – Boð um þátttöku skólaþjónustu í verkefninu Snemmtæk íhlutun með áherslu á málþroska og læsi
e) Heilsuefling 60+
f) Frá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu – Boð um þátttöku í samráði: Hvítbók í málefnum innflytjenda
g) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar tillaga til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til ársins 2030, 1036. mál
h) Frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Til umsagnar frumvarp til laga um lögræðislög (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), 925. mál
i) Næsti fundur sveitarstjórnar verður þriðjudaginn 2. júlí kl. 16:00 í Þingborg.

**12. Trúnaðarmál**

Fært í trúnaðarmálabók.

*Árni Eiríksson (sign)*
*Walter Fannar Kristjánsson (sign)*
*Anný Ingimarsdóttir (sign)*
*Hulda Kristjánsdóttir (sign)*
*Harpa Magnúsdóttir (sign)*

## Fundargerð 11. Fundur

## Íþrótta- æskulýðs- og menningarnefndar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg
Fundardagur: Fimmtudagur 23.Maí 2024
Fundartími: kl:19:00-20:30
Fundarritari: Sigrún Hrefna Arnardóttir
Fundarmenn:
Sigrún Hrefna Arnardóttir, Rúnar Magnússon, Sigurður Ingi Sigurðsson, Harpa Magnúsdóttir, Agnes Ösp Birgisdóttir.

1. Farið var yfir loka skipulag og undirbúningsvinnu fyrir kvöldgöngu og dagskrá í Þingborg vegna Fjör í Flóa sem haldið verður 31.maí- 1. Júní 2024. Ákveðið að undirbúa Þingborg á fimmtudegi og setja upp þær sýningar sem verða. Sölubásar verða settir upp á laugardegi. Koma auglýsingum í Flóaskóla, leikskóla, skrifstofu og hengja upp á Selfossi. Auglýsa í Áveitunni, senda fréttatilkynningar á Sunnlenska og dagskránna ásamt auglýsingu.
2. Ákveðið var að Fjör í Flóa verður haldið 30-31.maí árið 2025 og búðið að bóka Þingborg þessa helgi.
3. Nýjar reglur kynntar vegna val á afreks og íþróttafólki Flóahrepps.

Fundi slitið kl.20:45

FLÓAHREPPUR
480 4370 I floahreppur@floahreppur.is I www.floahreppur.is I Þingborg I 803 Selfoss

# Fundargerð nr. 4
# Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

**Fundarstaður:** Flóaskóli
**Fundardagur:** Fimmtudagur 6. júní 2024
**Fundartími:** 8:00-9:30
**Fundarmenn:** Árni Eiríksson, oddviti
Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri
Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd
Börkur Brynjarsson, ráðgjafi og byggingastjóri
Sveinn Júlíus Ástvaldsson, húsvörður í Flóaskóla

Bjarni Stefánsson, forföll
Hjalti Guðmundsson, forföll

Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Aðstæður skoðaðar og rætt um útfærslu á innréttingum í heimilisfræðistofu. Nefndin samþykkir að nýta þær innréttingar sem fyrir eru og kaupa það sem uppá vantar fyrir nýjar kennslueyjar í heimilisfræði. Innréttingar verða filmaðar þannig að það náist betri heildarmynd á stofunni. Einnig stefnt að því að filma hvítu búrskápana.
   Samþykkt að skipta um höldur á öllum innréttingunum.
   Þvottavél og þurrkari verður fært til í stofunni og aukið við borðpláss þar sem þær vélar voru áður.
   Bæta þarf við háfum við nýjar eyjur en Heilbrigðiseftirlitið fór fram á háfa á sínum tíma.
   Laga þarf ílögn á milli rýma þar sem ílögn er er mismunandi.

2. Börkur ýtir á eftir brunahönnun hjá Eflu og Hulda hefur samband við byggingarfulltrúa varðandi hurðir út úr heimilisfræðistofunni og smíðastofu. Útiurðir að koma til landsins.
   Stokka á milli rýma þarf að skoða m.t.t. brunavarna og brunaloka. Setja einangrun í kringum blikkrör. Börkur kallar eftir upplýsingum um hönnun á loftræstikerfinu hjá Mannvit og fylgir þessu eftir þannig að öllum kröfum sé uppfyllt í lokafrágangi.
   Huga þarf að útsogi frá leirbrennsluofni sem verður í lokuðu rými við myndmenntarstofu.

3. Rætt um útisvæðið við smíða- og heimilisfræðistofu. Nefndin samþykkir að malbika alveg út að horni skólans (norðanmegin). Passa þarf upp á vatnshalla þannig að vatn leki af útisvæðinu. Gert verður ráð fyrir timburskjólveggjum. Sveitarstjóri hefur samband við Anne Bruun Hansen hjá Eflu upp á hönnun á skjólveggjum og útisvæði en nokkuð liggur á þessari hönnun þannig að hægt sé að staðsetja festingar í malbikinu. Gert verði ráð fyrir að það sé hægt að komast inn á pallana á sitthvorum endanum og rætt um að brjóta veggina upp t.d. með bekkjum sitthvoru megin þannig að það nýtist

líka fyrir skólalóðina. Gera þarf ráð fyrir sterkum skjólveggjum þar sem vindasamt getur verið á svæðinu.
Sveitarstjórn hefur samþykkt að malbika yfir svæðið þar sem gamli skólinn stóð og því þarf að gera ráð fyrir því að klára þetta allt á sama tíma.
Nefndin samþykkir að helluleggja við starfsmannainngang í norðurhlutanum og huga þarf að skjóli/bíslagi þar.

4. Næsti fundur byggingarnefndar áætlaður 27. júní kl. 8:00 í Flóaskóla.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Brynjar Jón Stefánsson
Kt. 0907603869
Dags. 19.6.2024 18:20:27
Ástæða: Undirritun



RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 6.6.2024 11:03:38
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Þórunn Jónasdóttir
Kt. 2507643249
Dags. 6.6.2024 11:06:42
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Heimir Rafn Bjarkason
Kt. 2005824899
Dags. 6.6.2024 11:43:51
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Árni Eiríksson
Kt. 0809664589
Dags. 6.6.2024 17:57:04
Ástæða: Undirritun

# Fundargerð nr. 5
# Framkvæmda- og byggingarnefnd Flóaskóla

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Flóaskóli |
| **Fundardagur:** | Fimmtudagur 27. júní 2024 |
| **Fundartími:** | 8:00-9:30 |
| **Fundarmenn:** | Árni Eiríksson, oddviti<br>Brynjar Jón Stefánsson, umsjónarmaður fasteigna<br>Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri<br>Þórunn Jónasdóttir, skólastjóri<br>Heimir Rafn Bjarkason, fulltrúi úr framkvæmda- og veitunefnd<br>Hjalti Guðmundsson, fulltrúi T-lista<br>Börkur Brynjarsson, ráðgjafi og byggingastjóri<br><br>Bjarni Stefánsson, fjarverandi |

Árni Eiríksson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Útisvæði.
   Hulda kallar eftir vinnuteikningum af skjólveggjum frá Eflu. Þar þarf að koma fram bil á milli stoða ofl. til að vinna eftir.
   Samþykkt að nota 120 mm furuefni í skjólveggina. Þarf að vera tvöfalt til að brjóta vind. Borðin verða liggjandi. Steyptir verði niður hólkar og skór settur fyrir gagnvarða staura. Taka þarf nákvæmar hæðir á hvern staur og ganga þannig frá að undirstöður sjáist ekki. Aðgengi fyrir alla þarf að vera um útihurðir út úr smíða- og heimilisfræðistofu. Ekki á að hækka malbikið heldur verður málið leyst með pöllum og römpum úr timbri eða hellulagt til að ná fram góðu aðgengi. Skoða að setja malbik ofaná gamla malbikið til að jafna út og fá beinni línu.
   Gera þarf ráð fyrir lýsingu og tenglum í skjólveggjum/útisvæði.

   Hulda kallar eftir grófri teikningu frá Eflu af útliti bíslags við starfsmannainngang. Það verður með sama sniði og pallarnir þ.e timbur. Hellulagt verður við innganginn.

2. Hulda bíður eftir tilboði í filmun á innréttingum. Innréttingar eru komnar. Frontar á nýju innréttingunum eru hvítir en filma þarf alla innréttinguna, líka það nýja, til að fá sama lit á allt.
   Gera þarf ráð fyrir tenglum í nýjar kennslueyjar í heimilisfræði.

3. Börkur ýtir áfram á eftir brunahönnun hjá Eflu.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 9:30

# Fundargerð nr. 23
# Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

| | |
|---|---|
| **Fundarstaður:** | Þingborg fundarsalur |
| **Fundardagur:** | Miðvikudagur 26. júní 2024 |
| **Fundartími:** | 8:15-9:45 |
| **Fundarmenn:** | Haraldur Einarsson, formaður |
| | Heimir Rafn Bjarkason |
| | Hjalti Guðmundsson |
| | Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri |
| | Að auki sat Börkur Brynjarsson ráðgjafi fundinn |

*Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.*

1. **Framkvæmdir í Flóaskóla**
   Farið yfir stöðu framkvæmda í Flóaskóla

2. **Vatnsveita**
   Búið að vera þrýstingsvandamál í Merkurhrauni. Leki fannst við Stóru Reyki í síðustu viku og hefur verktaki verið að laga. Oft verið lekavandamál á lögninni á þessum stað og leki tíður. Rætt um hvort fara ætti í fjárfestingu við endurnýjun á þessari lögn þ.e frá nýja stofninum sem lagður var haustið 2023 og upp fyrir Ölvisholt þannig að þessi stofn væri styrktur. Hefur áhrif á nokkuð stórt svæði.
   *Nefndin kallar eftir betri upplýsingum um stöðu vatnsveitunnar til að taka ákvarðanir um forgangsröðun á fjármagni til fjárfestingar á árinu. Lögð áhersla á að upplýsingar berist fyrir næsta fund nefndarinnar svo hægt sé að nýta heimild til fjárfestingar á árinu.*
   Alls er gert ráð fyrir 20 milljóna fjárfestingu í vatnsveitunni og er það utan þess fjármagns sem ætlað er í hefðbundið viðhald og rekstur á veitunni sem eru alls 9 milljónir (lagnaefni, önnur vörukaup, viðhaldsþjónusta og ósundurliðuð verkkaup). Við fjárfestingu og rekstur bætast svo við 6 milljónir sem áætlaðar eru í aðkeypta sérfræðiþjónustu. Nýtengingar eru reiknaðar út í hverju tilfelli fyrir sig og greiðir sá sem sækir um tengingu fyrir raunkostnað. Verið er að leggja lokahönd á framkvæmdir í Ruddakróki. Þar er búið að koma brunninum fyrir og mun rafstýrður loki vera í brunninum. Mun hafa áhrif á áframhaldandi styrkingu á kerfinu.
   *Nefndin óskar eftir upplýsingum um hvernig önnur sveitarfélög eru að halda utanum stöðu á vatnsveitum m.t.t. bilana, forgangsröðun verkefna, hvar hafa helstu viðgerðir verið gerðar o.f.l. Einnig að kannaður sé sá möguleiki að fá þekju inn í kortagrunninn á map.is sem sýnir upplýsingar um vatnsveituna svo sem hvar viðgerðir hafa verið síðustu ár ofl, stærðir á lögnum ofl.*
   *Sveitarstjóri tekur saman upplýsingar úr vinnuskýrslum verktaka í vatnsveitunni frá 2022 ásamt upplýsingum um efniskaup og Börkur vinnur greiningu útfrá þeim gögnum.*

Börkur þarf að fara yfir nýju lögnina frá Neistastöðum að Skeiðavegamótum með verktaka. Í kjölfarið sendi sveitarstjóri tölvupóst á verktaka um að verkefninu sé formlega lokið.

3. **Breytingar í Þingborg**

   Komin teikning í vinnslu frá Sigurði U. Sigurðssyni varðandi burðarþol og útfærslur. Búið að hitta aðila sem eru í steinsögun en kostnaðaráætlun frá þeim ekki komin. Gerð verður kostnaðaráætlun varðandi stál og niðurrif/sögun á steypu og kostnaðaráætlun og tillögum skilað af nefndinni til sveitarstjórnar sem tekur svo ákvarðanir um málið.

   Rætt um að skoða H bita í loftið til að ná auka cm í hæðina. Börkur mun heyra í Sigurði og kanna möguleikann á því.

4. **Önnur mál**

   Lítið að gerast í Huldu- og Maríuhólum varðandi lagningu á veitum. Börkur mun setja upp minnisblað með verklýsingu varðandi þá framkvæmd með öllum verkliðum þegar að því kemur.

   Sveitarstjóri sendir póst á verktaka sem sáu um framkvæmd við Urriðafoss þar sem fram kemur að uppgjöri á framkvæmdinni sé lokið af hálfu sveitarfélagsins þó framkvæmdinni sé ólokið af hálfu verktaka.

**Næsti fundur nefndarinnar verður 14. ágúst kl. 8:15 í Þingborg.**

*Fundargerð rituð af Huldu Kristjánsdóttur, sveitarstjóra*

# Fundargerð 948. fundar

## stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2024, föstudaginn 31. maí kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Einar Brandsson, Einar Þorsteinsson, Freyr Antonsson, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Kjartan Magnússon, Margrét Ólöf A. Sanders, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Walter Fannar Kristjánsson og Sunna Hlín Jóhannesdóttir.

Hildur Björnsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Kjartan Magnússon mætti í hennar stað. Jón Björn Hákonarson boðaði forföll, varamaður hans Sunna Hlín Jóhannesdóttir mætti í hans stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Kostnaður og tekjur sveitarfélaga vegna meðhöndlunar úrgangs - 2308026SA**

   Niðurstöður úr fyrri hluta kostnaðarmatsverkefnis Sambandsins vegna úrgangsstjórnunar sveitarfélaga liggur nú fyrir en niðurstöðurnar eru trúnaðarmál þar til allri úttekt á kostnaðarmatsverkefninu er lokið. Verkefnið hófst undir lok árs 2023 í samstarfi við fimm sveitarfélög og skiptist í tvo áfanga. Í þeim fyrri hafa ráðgjafar Pure North tekið saman gögn þeirra fimm sveitarfélaga sem eru þátttakendur í verkefninu og unnið greiningu á kostnaði og tekjum þeirra í úrgangsmálum fyrir undangengið ár. Börkur Smári Kristinsson, nýsköpunar- og þróunarstjóri PNR, og Sigurður Halldórsson, framkvæmdastjóri PNR, komu inn á fundinn undir þessum lið og greindu frá helstu niðurstöðum þessa hluta verkefnisins. Aðferðarfræði PNR byggist á greiningu kostnaðar út frá hrágögnum, þ.e. reikningum og öðrum upprunalegum upplýsingum um kostnað vegna úrgangsþjónustu.

2. **Fráveitutilskipun - 2212022SA**

   Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður Evrópuskrifstofu Sambandsins, kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir málinu.

   *Í ljósi mikils umfangs og áhrifa sem fyrirhugaðar breytingar á fráveitutilskipunni koma til með að hafa á sveitarfélög felur stjórn framkvæmdastjóra að koma á samtali milli hagaðila um samstarf á mótun og sýn á viðbrögðum Íslands. Þá leggur stjórn Sambandsins til að Samráðshópur stjórnarráðsins um fráveitur verði vettvangur þessa samtals og jafnframt er lagt til að Sambandið óski eftir því að hafa tvo fulltrúa í samráðshópnum.*

3. **Fundargerð 947. fundar - 2309033SA**

Lögð fram til kynningar fundargerð 947. fundar stjórnar Sambandsins frá 19. apríl 2024, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

4. **Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2210013SA**

Lögð fram fundargerð 96. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 22. apríl 2024.

5. **Fundir Jónsmessunefndar - 2401003SA**

Lögð fram sem trúnaðarskjal fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 8. maí 2024.

6. **Spretthópur um stofnun stafræna verkefnastofu - 2405004SA**

Lagt fram sem trúnaðarskjal minnisblað sviðsstjóra þróunarsviðs dags. 7. maí 2024 um samþættingu á stafrænni vegferð hins opinbera.

7. **Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2009664SA**

Lögð fram fundargerð 28. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 22. maí 2024.

8. **Málefni Grindavíkur - 2311012SA**

Rætt um málefni Grindavíkur en 1. júní mun framkvæmdastjórn taka til starfa.

*Framkvæmdastjóra falið að fylgjast vel með málinu og upplýsa stjórn um þróun mála.*

9. **Kjaramálanefnd Sambandsins - 2210010SA**

Lagðar fram sem trúnaðarskjöl fundargerðir 41., 42., 43., 44. og 45. fundar kjaramálanefndar Sambandsins frá 1. mars, 21. mars, 5. apríl, 12. apríl og 24. maí 2024

Einar Þorsteinsson vék af fundi kl. 13:55.

10. **Staða kjaramála - 2301032SA**

Formaður samninganefndar sveitarfélaga gerði grein fyrir stöðu kjaramála í maí 2024.

11. **Starfshópur um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum - 2301022SA**

Rætt um fyrirkomulag eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum.

12. **Frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir) - óskað umsagnar - 2405021SA**

Lögð fram drög að umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. maí 2024, um frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir).

13. **Tilnefning í starfshóp um tillögu að nýjum samningi um samræmda móttöku flóttafólks - 2402037SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 13. mars 2024, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, Hera

Ósk Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs hjá Reykjanesbæ, og Sigþrúður Erla Arnarsdóttir, framkvæmdastjóri Vesturmiðstöðvar hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefndar í starfshóp um tillögu að nýjum samningu um samræmda móttöku flóttafólks.

14. **Tilnefning í starfshóp um málefni fullorðinna með einhverfu - 2403021SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 17. apríl 2024, þar sem Halldóra Jóhannesdóttir Sanko frá Vesturmiðstöð í Reykjavík, og Damian Marek Idzikowski, frá Norðurmiðstöð í Reykjavík, eru tilnefnd í starfshóp um málefni fullorðinna með einhverfu.
Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

15. **Tilnefning í kennararáð - 2403005SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 23. apríl 2024, þar sem Kristín Jóhannesdóttir, sviðsstjóri fræðslu- og lýðheilsusviðs hjá Akureyrarbæ, og Svala Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefndar í kennararáð.

16. **Tilnefning í stjórn Jafnlaunastofu - 2404026SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Jafnlaunastofu, dags. 15. maí 2024, þar sem Inga Rún Ólafsdóttir, formaður samninganefndar sveitarfélaga, og Valur Rafn Halldórsson, sviðsstjóri þjónustusviðs Sambandsins, eru tilnefnd sem aðalmenn í stjórn Jafnlaunastofu, og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á sérfræðingur í samninganefnd sveitarfélaga, til vara.

17. **Tilnefning í verkefnisstjórn loftslagsmála - 2404011SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Hugrún Geirsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í verkefnisstjórn loftslagsmála, og Gyða Einarsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusvið Sambandsins, til vara.

18. **Tilnefning í rýnihópa vegna framkvæmdaáætlunar í farsæld - 2405003SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Svala Kristín Hreinsdóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins er tilnefnd í rýnihópinn menntun, Alfa Dröfn Jóhannsdóttir, forvarnafulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópinn öryggi og vernd, María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í lífsgæði og félagsleg staða, Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópinn heilsa og vellíðan og Anna Ingadóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í rýnihópinn þátttaka og félagsleg tengsl.

19. **Endurtilnefning í innflytjendaráð - 2201014SA**

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins, dags. 16. maí 2024, þar sem Anna Ingadóttir, sérfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í innflytjendaráð.

20. **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl. - 2404014SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 19. apríl 2024, um frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.). 830. mál.

21. **Umsögn um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun - virkjunarkostir í vindorku - 2404035SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 3. maí 2024, um frumvarp til laga um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

22. **Umsögn um frumvarp til laga um úrvinnslugjald - hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl. - 2405001SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 6. maí 2024, um frumvarp til laga um úrvinnslugjald (hringrásarhagkerfi, umbúðir, ökutæki o.fl.), 924. mál.

23. **Umsögn um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 - 2404033SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 8. maí 2024, um tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035. mál.

24. **Umsögn um frumvarp til laga um lagareldi - 2405005SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til atvinnuveganefnd Alþingis, dags. 8. maí 2024, um frumvarp til laga um lagareldi, 930. mál.

*Nanný vakti athygli á athugasemdum Ísafjarðarbæjar við 36. gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um búnað sem ekki er lengur í notkun. Vill sveitarfélagið að undanþágan falli niður svo það sé skýrt að það sé rekstrarleyfishafa að sjá um að farga búnaði sem er ekki lengur í notkun.*

25. **Umsögn um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ - 2405006SA**

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 8. maí 2024, um frumvarp til laga um framkvæmdanefnd vegna jarðhræringa í Grindavíkurbæ, 1095. mál.

Fundi var slitið kl. 15:00

# 73. stjórnarfundur Bergrisans bs.

31.05.2024

Staðsetning: fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 10:00.

**Fundinn sátu:** Bragi Bjarnason (varamaður Fjólu), Sandra Sigurðardóttir, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir. Elliði Vignisson var fjarverandi.
Úr Þjónusturáði voru Svava Davíðsdóttir, Sigþrúður Birta Jónsdóttir og Eyrún Hafþórsdóttir.
Frá Bergrisanum voru Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

## Dagskrá

### 1. Fundargerð Þjónusturáðs

Svava Davíðsdóttir, formaður Þjónusturáðs, kynnir fundargerð Þjónusturáðs númer 180.

### 2. NPA samningar

Lagðar eru fram þrjár umsóknir um NPA samninga.

#### 2a. Beiðni um NPA samning fyrir barn- 101760

Sótt er um NPA samning fyrir barn. Áætlaður kostnaður vegna samningsins eru kr. 3.349.033 á mánuði, þar af verður kostnaður Bergrisans kr. 2.930.113. Heildarkostnaður á ári verða því kr. 40.188.392, þar af kr. 35.161.352 hjá Bergrisanum bs.

Þjónusturáð leggur til við stjórn að samþykkja umsókn um NPA samning vegna barns með auðkennið 101760 með fyrirvara um fjármögnun. Þjónusturáð leggur til undanþágu frá almennri reglu um að öll önnur þjónusta falli niður við gildistöku NPA samnings þar sem ekki er reynsla á rekstri slíks samnings á þjónustusvæðinu. Þjónusta í skammtímadvöl haldist því inni á meðan innleiðing stendur yfir svo ekki verði verulegt rask á umhverfi og rútínu barns á of skömmum tíma. Endurmat fer fram þremur mánuðum eftir gildistöku samningsins.

Stjórn samþykkir samninginn með fyrirvara um fjármögnun.

### 2b. Beiðni um NPA samning 102589

Sótt eru um NPA samning. Áætlaður kostnaður vegna samningsins eru kr. 1.202.880 á mánuði, þar af verður kostnaður Bergrisans kr. 773.280. Heildarkostnaður á ári verða því kr. 14.433.560, þar af verður kostnaður kr. 9.279.360 hjá Bergrisanum bs.

Samningurinn rúmast innan framlaga Jöfnunarsjóðs og samþykkir þjónusturáð samninginn fyrir sitt leyti.

Stjórn samþykkir samninginn.

### 2c. Beiðni um NPA samning 103017

Sótt er um NPA samning fyrir einstakling sem fluttur er til Árborgar frá Grindavík. Áætlaður kostnaður vegna samningsins eru kr. 5.945.480 á mánuði, þar af verður kostnaður Bergrisans kr. 5.476.100. Heildarkostnaður á ári verða því kr. 71.345.760, þar af verður kostnaður Bergrisans kr. 65.713.200

Þjónustustráð Bergrisans leggur til að samningurinn verði samþykktur með fyrirvara um að fjármagn fáist frá sveitarfélaginu Grindavík og að forsendur samnings verði endurskoðaðar þegar nýtt SIS mat einstaklings hefur verið staðfest og afgreitt.

Stjórn samþykkir samninginn með fyrirvara um fjármögnun og með þeim fyrirvara að hann verði endurskoðaður til lækkunar á tímum innan þriggja mánaða.

## 3. Skaftholt

Lögð var fram niðurstaða úttektar frá Ellý Þorsteinsdóttur.

## 4. Aðgerðaráætlun

Verkefnastjóri kynnti stöðu aðgerðaráætlunar. Stjórn felur starfsfólki Bergrisans að hafa samband við Brák íbúðafélag til að skoða möguleika á samstarfi í uppbyggingu á búsetuúrræðum.

## 5. Húsnæðisreglur Bergrisans

Verkefnastjóri lagði fram húsnæðisreglur Bergrisans til samþykktar.

Stjórn samþykkir reglurnar.

## 6. Breyting á stjórn

Við bæjarstjóraskipti í Árborg verður sjálfkrafa breyting á stjórn Bergrisans bs. Fjóla Steindóra Kristinsdóttir lætur af embætti sem stjórnarformaður og Bragi Bjarnason mun taka við. Stjórn og

starfsfólk Bergrisans þakkar Fjólu kærlega fyrir hennar framlag til Bergrisans og óskar henni velfarnaðar í næstu verkefnum.

Skrifstofustjóri mun óska eftir tilnefningu til varamanns fyrir Braga.

## 7. Veiting prókúru

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bragi Bjarnason, kt. 250481-5359, verði prókúruhafi félagsins ásamt skrifstofustjóra. Jafnframt er lagt til að prókúruumboð Fjólu Steindóru Kristinsdóttur verði afturkallað.

## 8. Önnur mál

Lagt er til við stjórn að veita skrifstofustjóra heimild til að stofna til viðskipta við fjármálafyrirtæki eftir þörfum hverju sinni til að hámarka áhættulausa ávöxtun á það fjármagn sem er til staðar hverju sinni á reikningum félagsins.

Ársreikningur hefur verið endurskoðaður og undirritaður.

Upplýst var að Bergrisinn hélt starfsdag síðastliðinn föstudag sem var vel sóttur og tókst vel.

Sólheimar hafa boðið stjórn og starfsfólki Bergrisans að koma í heimsókn þann 14. Júní. Ákveðið var að áframsenda fundarboðið á þjónusturáð og fagteymi líka.

Lagt er til að næsti stjórnarfundur verði haldinn mánudaginn 24. júní kl. 13. Jafnframt er lagt til að næsti fundur þar á eftir verði mánudaginn 12. ágúst kl. 13 og svo á fjögurra vikna fresti.

Fundi slitið klukkan 11:30.

# Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 04.06.2024
Tími: 14:00:19
b) **Eftirlit HMS með rafrettum og öðrum nikótínvörum**

Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) hefur með höndum eftirlit með rafrettum og öðrum nikótínvörum (var áður hjá Neytendastofu). HMS hefur óskað eftir samstarfi við Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga (HES) varðandi eftirlit með rafrettum og öðrum nikótínvörum s.s. nikótínpúðum, sérstaklega á landsbyggðinni. HES hafa fundað sameiginlega með HMS og tekið vel í að fara í viðræður um samstarf og útfæra nánar með hvaða hætti samstarfi verði háttað.
Annað þessu tengt: Nýlega var innköllun á s.k. koffein púðum sem reyndust vera með nikótín innihaldi í stað koffeins. En koffein púðar teljast til matvæla og eru undir eftirliti HES undir yfirumsjón MAST.

c) **Nýtt veitingahús á Þingvöllum**

Upplýsingar í kjölfar fréttar um málið – til kynningar á fundinum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:10

| | |
|---|---|
| Guðrún S. Magnúsdóttir | Páll Tómasson |
| Bragi Bjarnason | Kjartan Ólafsson |
| Örn Friðriksson | Oddur Árnason |
| Sigrún Guðmundsdóttir | |

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Sigrún Guðmundsdóttir

Tími: 11.06.2024 17:38
Undirrita skjal úr OneCRM

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Oddur Árnason
Kennitala: 0605655899
Tími: 11.06.2024 17:48
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Örn Friðriksson
Kennitala: 1201594379
Tími: 11.06.2024 18:48
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
Kennitala: 2708755729
Tími: 11.06.2024 20:31
Samþykkt

Undirritað með OneSign

**Rafræn skilríki**

Undirritað af: Bragi Bjarnason
Kennitala: 2504815359
Tími: 12.06.2024 8:18
Samþykkt

Undirritað með OneSign

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Kt. 1404602819
Dags. 10.6.2024 16:09:47
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Magðalena Karlotta Jónsdóttir
Kt. 0108653449
Dags. 10.6.2024 16:13:51
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ester Ýr Jónsdóttir
Kt. 2205805399
Dags. 10.6.2024 20:20:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Valdimar Hafsteinsson
Kt. 0902665869
Dags. 11.6.2024 09:00:31
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 11.6.2024 09:54:35
Ástæða: Undirritun

FRÆÐSLUNETIÐ
Símenntun á Suðurlandi
Lærum allt lífið

# 160. fundur í stjórn Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi.

*- Aðafundur haldinn í Fjölheimum 06 06 2024 kl. 16.30*

Mættir:, Hulda Kristjánsdóttir ritari og varaformaður, Halldóra S. Sveinsdóttir, Valdimar Hafsteinsson, Magðalena Jónsdóttir og Ester Ýr Jónsdóttir og Eyjólfur Sturlaugsson framkvæmdastjóri.

1. **Ársskýrsla 2023**

   Framkvæmdastjóri fór yfir helstu atriði í ársskýrslu 2023. Heildarstöðugildum hefur fækkað aðeins á milli ára og voru á árinu 2023 8,6 en voru tæplega 9 árið áður. Þar munar um að ekki hefur verið ráðið inn í stöðu í Vík sem losnaði 2022. Varðandi heildarfjölda námsmanna þá hefur námsmönnum sem lokið hafa námið fækkað á milli ára en á árinu 2023 luku 1057 nemendur námi en viðmið Fræðslunetsins er 1200 nemendur. Í ársskýrslunni má finna upplýsingar um tölulega þróun starfseminnar.

   Stjórn gerir ekki athugasemdir við skýrslu framkvæmdastjóra og samþykkir hana samhljóða.

2. **Ársreikningur 2023**

   Ársreikningur 2023 lagður fram ásamt endurskoðunarskýrslu. Framkvæmdastjóri fór yfir rekstur ársins. Rekstrartekjur námu alls um 173 milljónum og rekstrargjöld alls um 185 milljónum. Tap ársins nam alls 9,8 milljónum. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 11 milljónir skv. efnahagsreikningi. Handbært fé lækkar um 7 milljónir á ára og var um 29 milljónir í lok árs. Framlög hækkuðu á milli ára en sjálfsaflatekjur voru undir áætlun. Hlutfall launa af rekstrartekjum var 62,4%.

   Stjórn samþykkir samhljóða ársreikning ársins 2023 og framkvæmdastjóri sendir ársreikning 2023 til rafrænnar undirritunar.

3. **Breytingar á stjórn og verkaskipting stjórnar**

   Fyrir liggur að breyting hefur orðið á stjórn og hefur Ester Ýr Jónsdóttir komið inn sem aðalmaður í stjórn í stað Sigursveins Sigurðssonar sem fulltrúi framhaldsskóla á svæðinu. Einnig liggur fyrir að skipa þarf formann stjórnar ásamt varaformanni og ritara.

   Stjórn samþykkir samhljóða að Hulda Kristjánsdóttir verði formaður stjórnar og Valdimar Hafsteinsson ritari og varaformaður.

4. **Húsnæðismál**

   Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi húsnæðismál Fræðslunetsins frá árinu 2022. Unnið er að öðrum skammtímasamningi við Sveitarfélagið Árborg um leigu á Fjölheimum.

   Stjórn samþykkir að veita framkvæmdastjóra umboð til að vinna að húsnæðismálum Fræðslunetsins í samvinnu við aðra hagsmunaaðila.

FRÆÐSLUNETIÐ
Símenntun á Suðurlandi
Lærum allt lífið

5. **Önnur mál**
    a. Framkvæmdastjóri fór yfir helstu fréttir úr starfsemi Fræðslunetsins.
    b. Viðbrögð stjórnar við bréfi stjórnar Háskólafélags Suðurlands.
    Stjórn frestar afgreiðslu málsins þar sem nýr stjórnarmaður hefur ekki fengið tækifæri til þess að setja sig inn í málið. Formaður stjórnar sendir samantekt frá fjarfundi stjórna Háskólafélagsins og Fræðslunetsins á nýjan stjórnarmann og framkvæmdastjóra ásamt öðrum gögnum er tengjast málinu.

Ekki fleira fyrir tekið og fundi slitið kl. 18:15

*Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð*

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Ester Ýr Jónsdóttir
Kt. 2205805399
Dags. 7.6.2024 09:20:07
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Halldóra Sigríður Sveinsdóttir
Kt. 1404602819
Dags. 7.6.2024 09:21:00
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hulda Kristjánsdóttir
Kt. 3001843249
Dags. 7.6.2024 09:33:12
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Magðalena Karlotta Jónsdóttir
Kt. 0108653449
Dags. 7.6.2024 11:01:27
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Valdimar Hafsteinsson
Kt. 0902665869
Dags. 7.6.2024 13:16:22
Ástæða: Undirritun

# Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi ses.

# Ársreikningur 2023

Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi ses.
Bankavegi
800 Selfoss
kt. 641199-2579

## Efnisyfirlit

Bls.

Áritun óháðs endurskoðanda .......... 3
Skýrsla stjórnar .......... 5
Rekstrarreikningur .......... 6
Efnahagsreikningur .......... 7
Sjóðstreymi .......... 8
Skýringar .......... 9

# Áritun óháðs endurskoðanda

**Til stjórnar Fræðslunetsins-símenntunar á Suðurlandi ses.**

*Álit*

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslunetsins-símenntunar á Suðurlandi ses. fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2023, efnahag hennar 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um um ársreikninga.

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

*Grundvöllur fyrir áliti*

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér fyrir neðan. Við erum óháð Fræðslunetinu-símenntun á Suðurlandi ses. í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

*Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum*

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Fræðslunetsins-símenntunar á Suðurlandi ses. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna ákveðið var að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa stofnunina upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

*Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins*

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanlega vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

## Áritun óháðs endurskoðanda frh.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

• Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.

• Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.

• Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.

• Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.

• Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Okkur ber skylda til að upplýsa stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Garðabæ, 6. júní 2024
Endurskoðun og ráðgjöf ehf.

Sindri Freyr Gíslason
Löggiltur endurskoðandi

## Skýrsla stjórnar

Aðalstarfsemi stofnunarinnar er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi. Stofnunin sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðið fólk. Námskeiðin eru af ýmsum toga bæði starfstengd- og tómstundanámskeið en einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólastigi. Meginmarkmið stofnunarinnar, skv. stofnskrá hennar, er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og íslenskar reikningsskilavenjur.

*Rekstur ársins 2023*

Tap varð af rekstri stofnunarinnar á rekstrarárinu að fjárhæð 9,8 m.kr. Eigið fé í lok ársins var jákvætt um 11,0 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á bókfærðu eigin fé.

Niðurstaða rekstrar veldur vonbrigðum en rekstrartapið 2023 er svipað og árið áður. Aðgerðir í átt að því að auka tekjur og draga úr tapinu, sem fóru af stað eftir að árið 2022 var hálfnað, fóru ekki að skila árangri fyrr en á þessu ári. Á það t.d. við um ýmiss opinber framlög sem taka mið af árangri áranna á undan.

Framlög hækkuðu umtalsvert milli ára en sjálfaflatekjur reyndust undir áætlun. Kostnaður hækkaði fyrst og fremst á rekstri skrifstofu og húsnæðis en launakostnaður stóð í stað. Það markmið að lækka hlutfall launa af veltu milli ára náðist og lækkaði hlutfallið úr 64,1 % í 62,4. Brýnt er að lækka þetta hlutfall áfram.

Í efnahagsreikningi ársins birtast nú í fyrsta skipti skuldir Fræðslunetsins vegna lífeyrisskuldbindinga og orlofsskuldbindinga (áfallið orlof). Þessar skuldbindingar breyta skuldastöðu Fræðslunetsins til hins verra og þar með lækkar eigið fé félagsins verulega. Ljóst er að efnahagsreikningar undanfarinna ára hafa ekki gefið nákvæma mynd af stöðu félagsins. Leiðréttingin í þessum ársreikningi er því mikilvæg fyrir stjórn Fræðslunetsins svo að hún geti byggt ákvarðanir sínar á sem réttasta grunni.

Á árinu héldu veikindi og áföll áfram að hafa áhrif á skilvirkni og vinnuframlag og var það svo að allt árið vantaði 0,5 – 1,4 stöðugildi við vinnu. Ljóst er að viðvarandi forföll starfsfólks undanfarin ár og undirmönnun hefur haft áhrif á rekstur.

Fjöldi ársverka hjá stofnuninni voru 8,6 og launagreiðslur stofnunarinnar námu um 86,8 m.kr. á árinu
Fjöldi ársverka hjá stofnuninni á fyrra ári voru 8,98 og launagreiðslur stofnunarinnar námu um 87,2 m.kr. á árinu

*Yfirlýsing stjórnar*

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstrarafkomu á árinu 2023, efnahag 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu 2023 í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Stjórn Fræðslunetsins-símenntun á Suðurlandi ses. staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2023 með undirritun sinni.

Selfoss, 6. júní 2024

Stjórn:

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | 3 | | |
| Sala þjónustu | | 39.438.910 | 43.194.598 |
| Framlög og styrkir | | 134.110.798 | 124.800.800 |
| Aðrar tekjur | | 225.461 | 2.632.642 |
| Rekstrartekjur alls | | 173.775.169 | 170.628.040 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 4 | 108.234.187 | 108.303.912 |
| Annar kostnaður vegna kennslu | | 49.059.405 | 46.442.238 |
| Rekstur skrifstofu og fasteignar | | 27.538.471 | 25.778.401 |
| Afskriftir | 7 | 587.237 | 619.927 |
| Rekstrargjöld alls | | 185.419.300 | 181.144.478 |
| **Tap ársins fyrir fjármagnsliði** | | (11.644.131) | (10.516.438) |
| **Fjármagnsliðir** | | | |
| Vaxtatekjur | | 2.448.667 | 1.061.753 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | | (594.181) | (321.328) |
| Fjármagnsliðir alls | | 1.854.486 | 740.425 |
| **Tap ársins** | | (9.789.645) | (9.776.013) |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | 7 | | |
| Innréttingar og búnaður, verkfæri og áhöld | | 5.883.054 | 6.013.816 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir alls | | 5.883.054 | 6.013.816 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Viðskiptakröfur | | 1.929.078 | 5.691.766 |
| Aðrar skammtímakröfur | 5 | 1.205.026 | 2.874.999 |
| Vörubirgðir | 6 | 387.000 | 0 |
| Handbært fé | | 29.033.183 | 36.456.850 |
| Veltufjármunir alls | | 32.554.287 | 45.023.615 |
| **Eignir samtals** | | 38.437.341 | 51.037.431 |

## Eigið fé og skuldir

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Bundin stofnframlög | | 2.924.530 | 2.784.100 |
| Óráðstafað eigið fé | | 8.078.926 | 18.009.001 |
| Eigið fé alls | | 11.003.456 | 20.793.101 |
| **Skuldbindingar** | 10 | | |
| Lífeyrisskuldbinding | | 9.793.053 | 11.768.396 |
| Skuldbindingar alls | | 9.793.053 | 11.768.396 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 2.477.353 | 4.140.612 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 9 | 15.163.479 | 14.335.322 |
| Skammtímaskuldir alls | | 17.640.832 | 18.475.934 |
| **Skuldir og skuldbindingar samtals** | | 27.433.885 | 30.244.330 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 38.437.341 | 51.037.431 |

# Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýr | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Afkoma ársins | | (9.789.645) | (9.776.013) |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 7 | 587.237 | 619.927 |
| Breyting lífeyrisskuldbindingar | 10 | (1.437.328) | 0 |
| Hreint veltufé (til) rekstrar | | (10.639.736) | (9.156.086) |
| **Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:** | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 5.432.661 | (670.793) |
| Vörubirgðir | | (387.000) | 0 |
| **Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:** | | | |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | | (835.102) | 5.652.658 |
| Greiðslur vegna lífeyrisskuldbindingar | 10 | (538.015) | 0 |
| | | 3.672.544 | 4.981.865 |
| Handbært fé (til) rekstrar | | (6.967.192) | (4.174.221) |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaup og sala eigna | 7 | (456.475) | (1.345.749) |
| | | (456.475) | (1.345.749) |
| **Breyting á handbæru fé** | | (7.423.667) | (5.519.970) |
| Handbært fé í byrjun tímabils | | 36.456.850 | 41.976.820 |
| **Handbært fé í árslok** | | 29.033.183 | 36.456.850 |

# Skýringar

## 1. Upplýsingar um stofnunina

Fræðslunetið-símenntun á Suðurlandi ses. er sjálfseignarstofnun sem stundar atvinnurekstur og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Megin starfsemi stofnunarinnar er fullorðinsfræðsla á Suðurlandi. Stofnunin sér um og skipuleggur nám og námskeið fyrir fullorðið fólk. Námskeiðin eru af ýmsum toga bæði starfstengd- og tómstundanámskeið en einnig er boðið upp á nám á framhaldsskólastigi. Meginmarkmið stofnunarinnar, skv. stofnskrá hennar, er að efla aðgengi íbúa fjórðungsins að margs konar námi og símenntun og auka með því búsetugæði á svæðinu. Lögheimili stofnunarinnar er að Bankavegi, 800 Selfossi.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum nema þar sem annað er tilgreint og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

### Framsetning ársreiknings

Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

### Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

### Innlausn tekna

Tekjur af seldri þjónustu eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til stofnunarinnar og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Framlög og styrkir eru færðir í rekstrarreikning þegar hæfileg vissa er fyrir hendi um að stofnunin muni uppfylla þau skilyrði sem þeim eru bundin og að greiðslur muni berast. Tekjur eru metnar á gangvirði móttekins endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum þar sem það á við. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra eða tengdan kostnað.

### Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði.

### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnistæðum.

### Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði.

### Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur og vaxtagjöld eru færð í rekstrarreikning á því tímabili sem þau falla til.

## 3. Tekjur ársins

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Tekjur af reglulegri starfsemi | 39.664.371 | 45.827.240 |
| Framlög og styrkir | 134.110.798 | 124.800.800 |
| | 173.775.169 | 170.628.040 |

## Skýringar

### 4. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 86.806.483 | 87.165.281 |
| Launatengd gjöld | 21.427.704 | 21.138.631 |
| | 108.234.187 | 108.303.912 |

### 5. Aðrar skammtímakröfur

| Aðrar skammtímakröfur sundurliðast þannig: | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti | 0 | 2.475.000 |
| Fyrirframgreidd laun | 20.461 | 0 |
| Krafa um virðisaukaskattsendurgreiðslu | 1.050.699 | 0 |
| Annað | 133.866 | 399.999 |
| | 1.205.026 | 2.874.999 |

### 6. Vörubirgðir

Birgðir eru metnar á kostnaðarverði.

| **Birgðir í lok ársins greinast þannig:** | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Bækur vegna kennslu | 387.000 | 0 |
| | 387.000 | 0 |

### 7. Fastafjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar út líftíma viðkomandi eignar þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður líftími eigna er metinn af stjórn og er hann breytilegur á milli einstakra eigna.

**Varanlegir rekstrarfjármunir ársins 2023 greinast þannig:**

| **Varanlegir rekstrarfjármunir** | Áhöld og tæki | Samtals |
|---|---|---|
| Kostnaðarverð 1.1. | 39.831.528 | 39.831.528 |
| Keypt á árinu | 456.475 | 456.475 |
| Kostnaðarverð 31.12 | 40.288.003 | 40.288.003 |
| | | |
| Uppsafnaðar afskriftir 1.1. | 33.817.712 | 33.817.712 |
| Afskrift ársins | 587.237 | 587.237 |
| Afskrift samtals | 34.404.949 | 34.404.949 |
| | | |
| Bókfært verð | 5.883.054 | 5.883.054 |
| | | |
| Vátryggingaverðmæti | 12.793.000 | |

# Skýringar

**8. Eigið fé**

| Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum | Bundin stofnframlög | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|
| Staða 1.1 | 2.784.100 | 35.311.677 | 38.095.777 |
| Ófært áfallið orlof frá fyrri árum | | (5.534.280) | (5.534.280) |
| Ófærð lífeyrisskuldbinding frá fyrri árum | | (11.768.396) | (11.768.396) |
| Leiðrétt staða 1.1. | 2.784.100 | 18.009.001 | 20.793.101 |
| Breyting bundins framlags | 140.430 | (140.430) | 0 |
| Tap ársins | 0 | (9.789.645) | (9.789.645) |
| Staða 31.12 | 2.924.530 | 8.078.926 | 11.003.456 |

**Samanburðarfjárhæðir**

Áætluð lífeyrisskuldbinding og áfallið ógreitt orlof hefur verið reiknað og fært í ársreikning stofnunarinnar. Fyrrnefndir liðir voru ekki færðir upp í ársreikningi fyrra árs. Breytingar eru gerðar á samanburðarfjárhæðum í ársreikningnum til að endurspegla þetta.

| | Áður birt 2022 | Leiðrétt staða 2022 |
|---|---|---|
| Lífeyrisskuldbinding | 0 | 11.768.396 |
| Ýmsar skammtímaskuldir | 8.801.042 | 14.335.322 |
| Óráðstafað eigið fé | 35.311.677 | 18.009.001 |

**9. Ýmsar skammtímaskuldir**

| Ýmsar skammtímaskuldir sundurliðast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Ógreidd laun og launatengd gjöld | 10.753.220 | 14.197.847 |
| VÍSA | 423.568 | 137.475 |
| Fyrirfram innheimt framlög | 3.986.691 | 0 |
| | 15.163.479 | 14.335.322 |

**10. Skuldbindingar**

**Lífeyrisskuldbinding**

Samtök sunnlenskra sveitarfélaga á endurkröfurétt á stofnunina vegna lífeyrisréttinda fyrrum starfsmanns. Skuldbindingin er færð í fyrsta sinn upp í ársreikningi Fræðslunetins-símenntunar á Suðurlandi m.v. 31.12.2023. Mat hefur farið fram á fjárhæð skuldbindingarinnar aftur til 31.12.2022 og samanburðartölur leiðréttar í ársreikningnum.

| Lífeyrisskuldbindingin greinist þannig: | **2023** |
|---|---|
| Áfallin skuldbinding í ársbyrjun | 11.768.396 |
| Greitt á árinu | (538.015) |
| Lækkun á árinu | (1.437.328) |
| Áfallin skuldbinding í árslok | 9.793.053 |

# Skýringar

## 11. Leigusamningar

Fræðslunetið er með samninga um leigu á húsnæði sem skilgreindir eru sem rekstrarleiga í samræmi við reglu reikningsskilaráðs nr. 6 sem gildir um meðferð leigusamninga í reikningsskilum leigutaka. Fræðslunetið hefur gert samning um leigu á hluta hússins að Tryggvagötu 13, nefnt Fjölheimar og hefur Fræðslunetið forleigurétt á því húsnæði. Fræðslunetið hefur einnig gert húsaleigusamning um aðstöðu í Hvolsskóla við Stóragerði á Hvolsvelli, aðstöðu í námsveri í þekkingarsetrinu Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri og skrifstofu og námsver í þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði. Einn samningur gildir til loka árs 2024, en aðrir eru ótímabundnir með gagnkvæmum uppsagnarfresti. Allir samningar eru tengdir vísitölu neysluverðs, nema einn. Nema leigugjöld ársins að heildarfjárhæð 14,9 m.kr. sem færð eru meðal reksturs skrifstofu og fasteignar í rekstrarreikningi. Skuldbinding vegna samninganna fyrir árið 2024 er áætluð 14,9 m.kr. án áhrifa núvirðingar og framtíðarverðbólgu.

## Sundurliðanir

**12. Rekstrartekjur**

Rekstrartekjur greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Sala vöru og þjónustu** | | |
| Tekjur af námskeiðum | 39.438.910 | 43.194.598 |
| | 39.438.910 | 43.194.598 |
| **Framlög og styrkir** | | |
| Framlag Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins | 62.586.181 | 57.111.800 |
| Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, grunnframlag | 45.000.000 | 41.500.000 |
| Framlag Rannís | 2.416.617 | 0 |
| Félags- og vinnumarkaðsráðuneytið, íslenskunám | 7.035.000 | 6.545.000 |
| Framlag frá Fjölmennt | 15.498.000 | 16.229.000 |
| Framlög Vísindasjóðs | 0 | 1.840.000 |
| Framlag vegna námskeiða í tæknilæsi fyrir eldra fólk | 1.575.000 | 1.575.000 |
| | 134.110.798 | 124.800.800 |
| **Aðrar tekjur** | | |
| Aðrar tekjur | 225.461 | 2.632.642 |
| | 225.461 | 2.632.642 |

## Sundurliðanir

**13. Rekstrargjöld**

Rekstrargjöld greinast þannig:

**Laun og launatengd gjöld**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Laun | 85.900.276 | 86.316.917 |
| Stjórnarlaun | 906.207 | 848.364 |
| Endurgreitt frá Tryggingastofnun | (523.041) | (481.143) |
| Dagpeningar | 1.292.013 | 0 |
| Bifreiðastyrkur | 376.832 | 784.114 |
| Tryggingagjald | 6.402.066 | 6.299.430 |
| Lífeyrissjóður | 11.211.643 | 11.254.277 |
| Sjóðagjöld | 3.166.950 | 2.550.118 |
| Lífeyrisskuldbinding | (1.437.328) | 576.507 |
| Reiknað orlof, breyting | 317.339 | 0 |
| Annar starfsmannakostnaður | 399.211 | 0 |
| Slysatryggingar | 222.019 | 155.328 |
| | 108.234.187 | 108.303.912 |
| Ársverk | 8,60 | 8,98 |

**Rekstur skrifstofu og fasteignar**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Rekstur Fjölheima og húsaleiga | 14.900.723 | 15.893.384 |
| Veitingar | 46.631 | 0 |
| Sími og áskriftargjöld | 115.271 | 229.571 |
| Aðkeypt þjónusta | 92.472 | 48.020 |
| Burðargjöld | 89.722 | 152.894 |
| Gjaldfærð áhöld og tæki | 270.184 | 287.717 |
| Þrif | 785.000 | 317.066 |
| Rekstur kaffistofu | 128.843 | 143.466 |
| Pappír, prentun og ritföng | 491.707 | 674.922 |
| Gjafir og framlög | 294.542 | 80.100 |
| Rekstur tölvukerfis | 551.276 | 679.005 |
| Rekstur hugbúnaðar | 2.269.642 | 1.193.562 |
| Bankakostnaður og þjónustugjöld | 572.747 | 370.132 |
| Endurmenntun | 210.511 | 1.020.705 |
| Félags- og aðildargjöld | 82.625 | 231.800 |
| Flutningskostnaður | 15.542 | 0 |
| Kostnaður vegna FS nets | 256.810 | 207.155 |
| Vátryggingar | 201.995 | 182.546 |
| Funda- og ferðakostnaður | 3.146.777 | 1.763.040 |
| Reikningsleg aðstoð | 1.583.353 | 962.674 |
| Annar skrifstofukostnaður | 1.505.146 | 1.340.642 |
| Annar kostnaður Fræðslunets | 977.651 | 0 |
| Endurgreiðsla virðisaukaskatts | (1.050.699) | 0 |
| | 27.538.471 | 25.778.401 |

**Annar kostnaður vegna kennslu**

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Kennsla og námskeiðahald | 47.216.281 | 43.223.802 |
| Kostnaður vegna Vísindasjóðs | 346.354 | 110.916 |
| Styrkir útgr. Vísindasjóður | 640.000 | 2.140.000 |
| Auglýsingar | 856.770 | 967.520 |
| | 49.059.405 | 46.442.238 |

## Sundurliðanir

| Kennsla og námskeiðahald sundurliðast þannig | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| **Fyrirtækjaþjónusta** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 2.841.216 | 8.319.094 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 531.584 | 2.055.616 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | 2.309.632 | 6.263.478 |
| **Íslenska fyrir útlendinga** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 13.022.415 | 11.183.000 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 13.684.050 | 10.114.409 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | (661.635) | 1.068.591 |
| **Virkninámskeið** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 13.017.627 | 13.544.100 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 6.760.200 | 7.590.784 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | 6.257.427 | 5.953.316 |
| **Fjölmennt (námskeið fyrir fólk með fötlun)** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 1.807.600 | 1.461.000 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 4.489.253 | 4.510.147 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | (2.681.653) | (3.049.147) |
| **Námskeið FA** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 5.840.990 | 4.268.404 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 17.195.286 | 12.469.927 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | (11.354.296) | (8.201.523) |
| **Önnur námskeið** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 2.099.062 | 4.419.000 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 2.109.290 | 4.210.921 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | (10.228) | 208.079 |
| **Raunfærnimat** | | |
| Sjálfaflaðar tekjur án opinberra framlaga | 810.000 | 0 |
| Kostnaður vegna kennslu og framkvæmdar hennar | 2.446.618 | 2.271.998 |
| Niðurstaða án opinberra framlaga og annars kostnaðar | (1.636.618) | (2.271.998) |
| Tekjur alls | 39.438.910 | 43.194.598 |
| Kostnaður alls | 47.216.281 | 43.223.802 |
| Afkoma alls | (7.777.371) | (29.204) |

# 610. fundur stjórnar SASS

## Ráðhúsinu í Vestmannaeyjum

## 6. júní 2024, kl. 14:30 – 15:55

Þátttakendur: Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður, Árni Eiríksson, Brynhildur Jónsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Arnar Freyr Ólafsson, Grétar Ingi Erlendsson og Njáll Ragnarsson. Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Einar Freyr Elínarson forfölluðust. Í stað Jóhönnu Ýrar kom Sandra Sigurðardóttir. Undir dagskrárlið fimm taka þátt frá bæjarstjórn Vestmannaeyja Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri, Jóna Sigríður Guðmundsdóttir, Páll Magnússon, Helga Jóhanna Harðardóttir, Eyþór Harðarson og Gísli Stefánsson. Einnig tekur þátt Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri sem jafnframt ritar fundargerð.

Formaður býður fundarmenn og bæjarstjórn Vestmannaeyja velkomna á fundinn.

**1. Fundargerðir**

Fundargerð 609. fundar staðfest og hún og eldri fundargerðir undirritaðar.

**2. Aukaaðalfundur SASS í Vestmannaeyjum**

a. Dagskrá

Formaður kynnir dagskrá aukaaðalfundar SASS í Vestmannaeyjum 7. júní nk. Uppfærð dagskrá staðfest af stjórn.

b. Tillaga um fundarstjóra

Tillaga bæjarstjórnar Vestmannaeyja er að bæjarfulltrúarnir Páll Magnússon og Eyþór Harðarson verði fundarstjórar á aukaaðalfundinum. Stjórn staðfestir þá skipan fyrir sitt leyti.

c. Skipan í hópa fyrir vinnustofu um Sóknaráætlun Suðurlands

Formaður kynnir skipan þingfulltrúa og gesta í hópa í vinnustofu við uppfærslu á gerð Sóknaráætlun Suðurlands fyrir tímabilið 2025 - 2029. Skipt var í hópa með slembiúrtaki. Níu hópar verða að störfum og í hverjum hóp eru átta fulltrúar en hóparnir vinna í þremur undirhópum á sviði efnahags (atvinna- og nýsköpun), umhverfis og samfélags.

Skipting þingfulltrúa í vinnuhópa staðfest af stjórn.

**3. Önnur mál til kynningar og umræðu**

a. Fundargerðir m.a. stjórna annarra landshlutasamtaka

Lagðar fram til kynningar; fundargerð 21. fundar stjórnar SSA, fundargerð 150. fundar stjórnar Austurbrúar, fundargerðir 107. og 108. funda stjórnar SSNV, fundargerð 63.

fundar stjórnar SSNE, fundargerð 578. fundar stjórnar SSH, fundargerð 96. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins.

b. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnir helstu verkefni frá síðasta fundi sem er undirbúningur fyrir aukaaðalfund, frágangs á ársreikningi Eignarhaldsfélags Suðurlands og gerð svæðisskipulags fyrir Suðurhálendið.

4. **Fundur stjórnar með bæjarstjórn Vestmannaeyja**

Formaður gefur Írisi Róbertsdóttur bæjarstjóra orðið og ítrekar ánægju stjórnar með að vera komin til Vestmannaeyja. Bæjarstjóri tekur undir orð formannsins og fagnar því að fundur stjórnar SASS og aukaaðalfundur samtakanna sé haldinn í Vestmannaeyjum. Bæjarstjóri flytur áhugaverða kynningu á helstu áskorunum sveitarfélagsins sem eru á sviði samgangna, grunninnviða og heilbrigðismála. Varðandi almenna hagsmunagæslu leggur bæjarstjóri til að aðalfundur/ársþing samtakanna forgangsraði hverju sinni 3 til 4 megináherslum sem unnið sé að af fullum þunga. Bæjarstjóri og fulltrúar í bæjarstjórn svara framkomnum spurningum og leggja einnig spurningar fyrir stjórn og er þeim svarað.

Næsti fundur stjórnar verður haldinn föstudaginn 28. júní nk. kl. 12:30.

Fundi slitið kl. 15:55

Ásgerður K. Gylfadóttir
Árni Eiríksson
Brynhildur Jónsdóttir
Njáll Ragnarsson
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir
Grétar Ingi Erlendsson
Arnar Freyr Ólafsson
Sandra Sigurðardóttir

# 14. Stjórnarfundur Arnardrangs hses

24.06.2024

Staðsetning: Fjarfundur á Teams.

Fundur hófst klukkan 13:33.

**Fundinn sátu**: Bragi Bjarnason, Anton Kári Halldórsson og Ása Valdís Árnadóttir.
Frá Bergrisanum mættu Íris Ellertsdóttir og Bjarki R. Kristjánsson.

## 1. Ársreikningur 2023

Skrifstofustjóri kynnti drög að ársreikningi 2023.

Stjórn samþykkir ársreikninginn samhljóða og er skrifstofustjóra falið að senda hann út til rafrænnar undirritunar.

## 2. Brautir í loft í Nauthaga

Verkefnastjóri og skrifstofustjóri fóru yfir kostnað við að koma brautum í loft í einni íbúð í Nauthaga 2. Lagt er til að starfsfólk Bergrisans fái heimild til að taka hagstæðasta tilboði.

Stjórn samþykkir og felur starfsfólki Bergrisans að klára málið.

## 3. Uppbygging búsetuúrræðis á Hvolsvelli

Sveitarstjórn Rangárþings eystra hefur samþykkt uppbygginguá nýju búsetuúrræði í sveitarfélaginu. Jafnframt var samþykkt hjá sveitarstjórn að veita stofnframlag til verkefnsins þegar áætlaður byggingarkostnaður liggur fyrir.

Stjórn fagnar uppbyggingaráformunum og felur starfsfólki Bergrisans að hefja undirbúning að verkefninu.

## 4. Veiting prókúru

Lagt er fyrir stjórn að samþykkja að Bragi Bjarnason, kt. 250481-5359, verði prókúruhafi félagsins ásamt skrifstofustjóra. Jafnframt er lagt til að prókúruumboð Fjólu Steindóru Kristinsdóttur verði afturkallað.

Stjórn samþykkir.

## 5. Samstarf við önnur íbúðafélög

Skrifstofustjóri fór yfir möguleika á samstarfi við önnur íbúðafélög. Lagt er til að kanna samstarfsgrundvöll við Brák íbúðafélag með það í huga að Brák taki yfir verkefni Arnardrangs, bæði núverandi og til framtíðar.

Stjórn samþykkir að vísa málinu áfram til eigendafundar og felur skrifstofustjóra að boða til fundar í lok sumars.

## 6. Önnur mál

Starfsfólk Bergrisans upplýsti um ýmis mál.

- Allir íbúar hafa fengið afhent í Nauthaga 2.

- Kostnaður við Nauthaga mun enda í rétt rúmlega 300 mkr með verðbótum. Lokafrágangur utanhúss er í gangi og í kjölfarið verður tekið saman lokauppgjör á framkvæmdinni.

Fundi slitið klukkan 14:29

# Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 25.06.2024
Tími: 17:04:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 48efedd5-2b0c-4eec-b0a2-f1cae8bfc69b

Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 25.06.2024
Tími: 13:58:35
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 48efedd5-2b0c-4eec-b0a2-f1cae8bfc69b

Bragi Bjarnason

Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 25.06.2024
Tími: 15:26:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 48efedd5-2b0c-4eec-b0a2-f1cae8bfc69b

# Arnardrangur hses.

## Ársreikningur 2023

Arnardrangur hses.
kt. 501122-0330
Austurvegi 2, 800 Selfoss

**Efnisyfirlit** bls.


Skýrsla stjórnar .......... 2
Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings .......... 3
Rekstrarreikningur .......... 4
Efnahagsreikningur .......... 5 - 6
Sjóðstreymi .......... 7
Skýringar .......... 8 - 10



Arnardrangur hses.
kt. 501122-0330
Austurvegi 2, 800 Selfoss

# Skýrsla stjórnar

## Meginstarfsemi félagsins

Arnardrangur hses. er húsnæðissjálfseignarsstofnun. Megintilgangur er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með rekstri og viðhaldi almennra félagsíbúða fyrir fatlaða.

## Starfsemin á árinu

Á árinu hélt áfram vinna við byggingu Nauthaga 2 á Selfossi. Hófust framkvæmdir í lok árs 2022 og mun þeim ljúka á árinu 2024. Enginn starfsmaður var á launaskrá á árinu.

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

## Ráðstöfun hagnaðar (jöfnun taps)

Stjórnin vísar til ársreikningsins varðandi meðferð rekstrarniðurstöðu og annarra breytinga á eigin fé.

## Eignaraðild sveitarfélaga

| | |
|---|---|
| Sveitarfélagið Árborg | 42,4% |
| Hveragerðisbær | 11,3% |
| Sveitarfélagið Ölfus | 9,6% |
| Rangárþing eystra | 7,8% |
| Rangárþing ytra | 7,1% |
| Bláskógabyggð | 4,6% |
| Hrunamannahreppur | 3,3% |
| Mýrdalshreppur | 3,1% |
| Flóahreppur | 2,8% |
| Skaftárhreppur | 2,5% |
| Skeiða- og Gnúpverjahreppur | 2,4% |
| Grímsnes- og Grafningshreppur | 2,0% |
| Ásahreppur | 1,1% |

Stjórn Arnardrangs hses. staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2023 með áritun sinni.

Selfossi, 25. júní 2024

Stjórn:

# Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

**Til stjórnar og hluthafa Arnardrangs hses.**

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Arnardrangs hses. fyrir árið 2023 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal námkvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Selfossi, 25. júní 2024

**PricewaterhouseCoopers ehf**

Ólafur Gestsson
löggiltur endurskoðandi

# Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýringar | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Rekstur húsnæðis | | 614.359 | 0 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 272.473 | 0 |
| | | 886.832 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | (886.832) | 0 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | 4 | | |
| Vaxtatekjur | | 17.192 | 634 |
| Vaxtagjöld | | (2.666.052) | (139) |
| | | (2.648.860) | 495 |
| **Rekstrarniðurstaða fyrir tekjuskatt** | | (3.535.692) | 495 |
| Tekjuskattur | 5 | 0 | 0 |
| **Rekstrarniðurstaða ársins** | | (3.535.692) | 495 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eignir | Skýringar | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Fastafjármunir** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Fasteignir í byggingu | 6 | 230.393.508 | 0 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Ógreitt stofnframlag | | 0 | 99.701 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 3.782 | 0 |
| Handbært fé | 7 | 17.755.404 | 4.792.918 |
| | | 17.759.186 | 4.892.619 |
| **Eignir samtals** | | 248.152.694 | 4.892.619 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| Eigið fé og skuldir | Skýringar | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Eigið fé** | 8 | | |
| Stofnfé | | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Ójafnað eigið fé | | (3.535.197) | 495 |
| | | (2.535.197) | 1.000.495 |
| **Skuldir** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Skammtímalán | 9 | 225.593.266 | 0 |
| Viðskiptaskuldir | | 25.094.625 | 0 |
| Fyrirfram innheimt framlög til framkvæmda | 6 | 0 | 3.892.124 |
| | | 250.687.891 | 3.892.124 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 248.152.694 | 4.892.619 |

# Sjóðstreymi ársins 2023

| | Skýringar | 2023 | 2022 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| Hreint veltufé til rekstrar: | | | |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | (3.535.692) | 495 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna: | | | |
| Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur | | 95.919 | 0 |
| Breytingar rekstrartengdra skulda: | | | |
| Skammtímaskuldir | | 25.094.625 | 0 |
| | | 25.190.544 | 0 |
| **Handbært fé frá rekstri** | | 21.654.852 | 495 |
| **Fjárfestingahreyfingar** | | | |
| Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna | 6 | (248.338.092) | (14.422.148) |
| Framlög til fjárfestinga | 6 | 14.052.460 | 0 |
| | | (234.285.632) | (14.422.148) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Innborgað stofnfé | | 0 | 19.214.571 |
| Skammtímalán, breyting | | 225.593.266 | 0 |
| | | 225.593.266 | 19.214.571 |
| **Hækkun á handbæru fé** | | 12.962.486 | 4.792.918 |
| Handbært fé í ársbyrjun | | 4.792.918 | 0 |
| **Handbært fé í árslok** | | 17.755.404 | 4.792.918 |

# Skýringar

## 1. Almennar upplýsingar

Arnardrangur hses. er húsnæðissjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga um almennar íbúðir nr. 52/2016 og laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999.

Arnardrangur hses. er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur félagsins er að Austurvegi 2, 800 Selfoss.

## 2. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settur fram í íslenskum krónum. Gerð er grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem í meginatriðum eru þær sömu og árið á undan að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir. Ársreikningurinn er gerður miðað við áframhaldandi starfsemi.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Þó svo mat þetta sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda, geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Upplýsingar um reikningsskilaaðferðir helstu liða er að finna í viðeigandi skýringum.

## 3. Samanburðarfjárhæðir

Framlög ríkis til framkvæmda á árinu 2022 voru færð á eigið fé í ársreikningi 2022. Þau eru nú færð til lækkunar á framkvæmdakostnaði fasteigna í byggingu. Þar sem það hefur átt við hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa tímabils.

## 4. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Áfallnar vaxtatekjur vegna bankainnistæðna eru tekjufærðar nema vafi leiki á um innheimut þeirra. Vaxtagjöld eru færð miðað við skilmála lána.

## 5. Tekjuskattur

Þar sem óvissa ríkir um nýtingu á yfirfæranlegu skattalegu tapi er frestuð skattinneign ekki færð til eignar í efnahagsreikningi.

Ekki kemur til álagningar tekjuskatts á árinu 2024, yfirfæranlegt tap greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Rekstrarniðurstaða ársins | (3.535.692) |
| Ófrádráttarbær gjöld | 20.200 |
| Tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033 | (3.515.492) |

# Skýringar

## 6. Varanlegir rekstrarfjármunir

| | Fasteignir í byggingu |
|---|---|
| **Árslok 2022:** | |
| Framkvæmdakostnaður ársins | 14.422.148 |
| Framlög til framkvæmda á árinu | (18.314.272) |
| Bókfært verð í árslok | (3.892.124) |
| | |
| Bókfært verð í árslok 2022 greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 14.422.148 |
| Heildarframlög til framkvæmda | (18.314.272) |
| Bókfært verð í árslok | (3.892.124) |
| | |
| **Árslok 2023:** | |
| Bókfært verð í ársbyrjun | (3.892.124) |
| Framkvæmdakostnaður ársins | 248.338.092 |
| Framlög til framkvæmda á árinu | (14.052.460) |
| Bókfært verð í árslok | 230.393.508 |
| | |
| Bókfært verð í árslok 2023 greinist þannig: | |
| Kostnaðarverð | 262.760.240 |
| Heildarframlög til framkvæmda | (32.366.732) |
| Bókfært verð í árslok | 230.393.508 |

*Fasteignir í byggingu*

Fasteignir í byggingu eru færðar til eignar á kostnaðarverði. Kostnaðarverð samanstendur af kaupverði þeirra og þeim kostnaði sem hlýst af öflun þeirra og endurbótum. Eignirnar eru ekki í notkun og eru því ekki afskrifaðar. Þegar þær verða teknar í notkun færast þær undir varanlega rekstrarfjármuni og verða afskrifaðar.

Þegar framlög til framkvæmda nema hærri fjárhæð en framkvæmdakostnaður eru fyrirfram innheimt framlög færð meðal skammtímaskulda.

Félagið gerði samning í nóvember 2022 við Mineral ehf um byggingu á "Nautahaga 2 - Íbúðakjarna". Framkvæmdir á árinu námu 248 m.kr. Móttekin framlög á árinu námu 14 m.kr.

## 7. Handbært fé

Handbært fé samkvæmt efnahagsreikningi og sjóðstreymi samanstendur af óbundnum bankainnstæðum.

# Skýringar

## 8. Eigið fé

**Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum**

| | Stofnfé sveitarfélaga | Framlög ríkis | Ójafnað eigið fé | Eigið fé samtals |
|---|---|---|---|---|
| **Hreyfingar 2022:** | | | | |
| Innborgað stofnfé | 1.000.000 | 18.314.272 | 0 | 19.314.272 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | | 495 | 495 |
| Staða í árslok | 1.000.000 | 18.314.272 | 495 | 19.314.767 |
| **Hreyfingar 2023:** | | | | |
| Staða í ársbyrjun | 1.000.000 | 18.314.272 | 495 | 19.314.767 |
| Framlag ríkissjóðs flutt á framkvæmdir | 0 | (18.314.272) | 0 | (18.314.272) |
| Leiðrétt staða í ársbyrjun | 1.000.000 | 0 | 495 | 1.000.495 |
| Rekstrarniðurstaða ársins | | | (3.535.692) | (3.535.692) |
| Staða í árslok | 1.000.000 | 0 | (3.535.197) | (2.535.197) |

## 9. Skammtímalán

Skammtímalán greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Íslandsbanki, til greiðslu 09.04.2024, vextir 14,15% | 82.000.000 |
| Íslandsbanki, áfallnir vextir | 290.075 |
| Bergrisinn | 143.303.191 |
| | 225.593.266 |

Undirritunarsíða

Anton Kári Halldórsson

Undirritað af:
Anton Kári Halldórsson
0305833539
Dags: 25.06.2024
Tími: 09:22:13
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d38832f2-3a90-4430-ae50-b2bf8df2d8e0

Ása Valdís Árnadóttir

Undirritað af:
Ása Valdís Árnadóttir
3004825119
Dags: 25.06.2024
Tími: 12:00:45
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d38832f2-3a90-4430-ae50-b2bf8df2d8e0

Bragi Bjarnason

Undirritað af:
Bragi Bjarnason
2504815359
Dags: 25.06.2024
Tími: 10:41:47
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d38832f2-3a90-4430-ae50-b2bf8df2d8e0

Ólafur Gestsson

Undirritað af:
Ólafur Gestsson
0604694669
Dags: 25.06.2024
Tími: 09:28:22
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: d38832f2-3a90-4430-ae50-b2bf8df2d8e0

**Hulda Kristjánsdóttir**

| | |
|---|---|
| **From:** | Nanna Jónsdóttir <nanna@utu.is> |
| **Sent:** | þriðjudagur, 25. júní 2024 14:46 |
| **To:** | Ásahreppur Ásahreppur; blaskogabyggd@blaskogabyggd.is; Grímsnes- og Grafningshreppur; hruni@fludir.is; skeidgnup@skeidgnup.is; Sveitarstjóri Flóahrepps |
| **Subject:** | Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru UTU og 112. fundargerð stjórnar |
| **Attachments:** | Gjaldskrá vegna seyru UTU_lokautg..pdf; Stjórn byggðasamlags UTU - 112.pdf |

Sæl verið þið

Meðfylgjandi í viðhengi er 112. fundargerð stjórnar UTU ásamt gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru sem sveitarstjórnirnar þurfa að taka fyrir á næsta fundi hvers sveitarfélags.
Minni á að sveitarfélögin þurfa síðan að breyta sínum samþykktum varðandi fráveitu og rotþrær til samræmis við breytt fyrirkomulag en þar sem UTU hefur verið falið þetta verkefni af sveitarstjórnunum þá mun gjaldskrá UTU gilda.
Ekki hika við að heyra í mér ef eitthvað er óljóst.

Bestu kveðjur,
Nanna Jónsdóttir
Skrifstofustjóri

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita

Hverabraut 6
840 Laugarvatn
Sími: 480-5550
www.utu.is
Þú sérð afgreiðslur erinda þinna í pósthólfinu þínu á island.is (mínar síður)

*Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafir þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 og gæta fyllsta trúnaðar, hvorki lesa efni þeirra né skrá þau hjá þér né notfæra þau á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis að þau hafi ranglega borist þér. Brot gegn þessu varða bótaábyrgð og refsingu skv. 74. gr. laganna.*

**Stjórn byggðasamlags UTU - 112. fundur
haldinn á Teams, þriðjudaginn 25. júní 2024
og hófst hann kl. 11:00**

**Fundinn sátu:**
Helgi Kjartansson, Walter Fannar Kristjánsson, Björn Kristinn Pálmarsson, Jón Bjarnason, Haraldur Þór Jónsson, Ísleifur Jónasson og Nanna Jónsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Nanna Jónsdóttir, Skrifstofustjóri.

**Dagskrá:**

1. **Gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru**

Lögð var fram gjaldskrá vegna móttöku og hreinsunar á seyru fyrir árið 2024, innheimtir gjalda skv. gjaldskránni eru sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.
*Stjórn samþykkir fyrirliggjandi gjaldskrá og vísar henni til samþykktar hjá aðildarsveitarfélögunum.*

*Samþykkt samhljóða.*

2. **Önnur mál**

Umræður um dreifingasvæði, Nanna kynnti að til skoðunar er svæði austast á Haukadalsheiði þar sem hægt væri að dreifa seyru sem kemur frá Seyrustöðum. Svæðið er 160 ha og möguleiki á stækkun síðar upp á ca 30 ha, mjög gott aðgengi er að svæðinu, malbikaður vegur. Girðing er austan við Haukadalsheiði sem friðar það frá Biskupstungnaafrétti. Ekki þyrfti að fara í neinar girðingar á svæðinu vegna þessa verkefnis. Svæðið er á köflum lítt grónir melar sem mjög gott væri að græða upp með lífrænum áburði og gott yfirferðar fyrir dreifingarbúnaðinn.
*Stjórn tekur vel í hugmyndina og felur skrifstofustjóra að vinna málið áfram í samstarfi við Bláskógabyggð.*

*Samþykkt samhljóða.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:50**

| | |
|---|---|
| Helgi Kjartansson | Walter Fannar Kristjánsson |
| Björn Kristinn Pálmarsson | Jón Bjarnason |
| Haraldur Þór Jónsson | Ísleifur Jónasson |

# Undirritunarsíða

Formaður
Haraldur Þór Jónsson

Undirritað af:
Haraldur Þór Jónsson
2705765089
Dags: 25.06.2024
Tími: 12:43:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

Aðalmaður
Helgi Kjartansson

Undirritað af:
Helgi Kjartansson
0211715499
Dags: 25.06.2024
Tími: 12:53:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

Aðalmaður
Ísleifur Jónasson

Undirritað af:
Ísleifur Jónasson
1205754309
Dags: 25.06.2024
Tími: 12:40:17
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

Aðalmaður
Jón Bjarnason

Undirritað af:
Jón Bjarnason
2501932629
Dags: 25.06.2024
Tími: 13:43:31
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

Aðalmaður
Walter Fannar Kristjánsson

Undirritað af:
Walter Fannar Kristjánsson
0609892229
Dags: 25.06.2024
Tími: 12:23:53
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

Varaformaður
Björn Kristinn Pálmarsson

Undirritað af:
Björn Kristinn Pálmarsson
0112824239
Dags: 25.06.2024
Tími: 14:05:51
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: af664f19-b504-490f-ae93-970bde5ffe47

# GJALDSKRÁ

vegna móttöku og hreinsunar á seyru hjá Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs.

1. gr.

*Almennt.*

Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. (UTU) innheimtir gjald skv. gjaldskrá þessari fyrir móttöku og hreinsun seyru, sbr. 5. mgr. 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

2. gr.

*Móttökugjöld á Seyrustöðum að Flatholti 2, Flúðum.*

Móttökugjald á verkaða seyru er 41 kr. + vsk. pr. kg.

Eingöngu er tekið við seyru frá bílum þar sem búið er að láta vatn síga. Ef skilað er inn seyru þar sem vatn hefur ekki verið látið síga þá bætist við aukagjald á bíl 38.500 kr. er verður innheimt af viðkomandi verktaka.

3. gr.

*Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa fyrir íbúðarhús á starfssvæði UTU.*

Aðildarsveitarfélög UTU greiða 550 kr. á hvern ekinn km. vegna reksturs hreinsibifreiðar til og frá Seyrustöðum og að rotþró.

Rotþró undir 6 $m^3$: 44.013 kr. á stk. auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Rotþró yfir 6 $m^3$ greiðir 44.013 kr. og 5.996 kr. á $m^3$ umfram 6 $m^3$ auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Að auki er greitt móttökugjald fyrir hvert kg. seyrunnar skv. 2. gr. gjaldskrár þessarar.

Rotþrær íbúðarhúsa eru tæmdar á þriggja ára fresti.

4. gr.

*Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa fyrir sumarhús á starfssvæði UTU.*

Aðildarsveitarfélög UTU greiða 550 kr. á hvern ekinn km. vegna reksturs hreinsibifreiðar til og frá Seyrustöðum og að rotþró.

Rotþró undir 6 $m^3$: 44.013 kr. á stk. auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Rotþró yfir 6 $m^3$ greiðir 44.013 kr. og 5.996 kr. á $m^3$ umfram 6 $m^3$ auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Að auki er greitt móttökugjald fyrir hvert kg. seyrunnar skv. 2. gr. gjaldskrár þessarar.

Rotþrær sumarhúsa eru tæmdar á fimm ára fresti.

5. gr.

*Hreinsunargjald vegna tæmingar rotþróa fyrirtækja og annarra fasteigna en íbúðar- og sumarhúsa á starfssvæði UTU sem greiða rotþróargjald.*

Aðildarsveitarfélög UTU greiða 550 kr. á hvern ekinn km. vegna reksturs hreinsibifreiðar til og frá Seyrustöðum og að rotþró.

Rotþró undir 6 $m^3$: 44.013 kr. á stk. auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Rotþró yfir 6 $m^3$ greiðir 44.013 kr. og 5.996 kr. á $m^3$ umfram 6 $m^3$ auk 550 kr. á hvern ekinn km.

Að auki er greitt móttökugjald fyrir hvert kg. seyrunnar skv. 2. gr. gjaldskrár þessarar.

Rotþrær fyrirtækja og annarra fasteigna en íbúðar- og sumarhúsa á starfsvæði aðildarsveitarfélaganna sem greiða rotþróargjald eru tæmdar á þriggja ára fresti.

6. gr.

*Aukalosun.*

Komi fram beiðni um aukalosun eða ef nauðsynlegt er að tæma rotþró sértaklega, skal greiða samkvæmt reikningi frá verktaka.

Að auki er greitt móttökugjald fyrir hvert kg. seyrunnar skv. 2. gr. gjaldskrár þessarar.

Ef UTU samþykkir og hefur tök á að sinna aukalosun með eigin bifreið skulu gjöldin vera eftirfarandi:

- Aukalosanir á rotþró í tengslum við aðra hreinsun:

Rotþró undir 6 $m^3$: 44.013 kr. á stk. auk 550 kr. á hvern ekinn km.
Rotþró yfir 6 $m^3$ greiðir 44.013 kr. og 5.996 kr. á $m^3$ umfram 6 $m^3$ auk 550 kr. á hvern ekinn km.

- Aukalosanir á rotþró sem sérferð:

Rotþró undir 6 $m^3$: 96.850 kr. á stk. og 550 kr. á hvern ekinn km.
Rotþró yfir 6 $m^3$ greiðir 96.850 kr. og 5.996 kr. á $m^3$ umfram 6 $m^3$ auk 550 kr. á hvern ekinn km.
Húseigandi þarf að greiða að fullu fyrir aukalosun, óski hann eftir henni.

7. gr.
*Aðgengi að rotþróm.*

Rotþró þarf að vera sýnileg og vel merkt.

Aðgengi fyrir hreinsibifreið að rotþró þarf að vera tryggt og miðað er við fjarlægð sé ekki meiri en 30 metrar. Ef fjarlægð fer yfir 50 metra er ekki unnt að hreinsa viðkomandi rotþró.

Sé ekki hægt að hreinsa rotþró í reglubundinni yfirferð þar sem aðgengi er ekki tryggt eða rotþró ekki sýnileg og vel merkt, þarf húseigandi að greiða að fullu fyrir aukalosun skv. 6. gr., óski hann eftir aukalosun.

8. gr.
*Önnur ákvæði.*

Virðisaukaskattur samkvæmt gildandi reglum um virðisaukaskatt bætist við gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari miðað við gildandi reglur á hverjum tíma hjá öðrum aðilum en aðildarsveitarfélögunum.

Gerð er krafa um að seyra sem móttekin er á Seyrustöðum sé eins hrein og kostur er og að aðskotahlutir fylgi ekki með. Ef þarf að hreinsa seyru vegna aðskotahluta er heimilt að innheimta 25% álag á móttökugjaldskrá.

Almennt er móttaka á Seyrustöðum háð tíðar- og veðurfari varðandi afsetningu á seyru og UTU er ekki skuldbundið til að móttaka seyru nema hægt sé að koma henni í afsetningu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var í stjórn Umhverfis- og tæknisviði Uppsveita bs. þann xx. 2024, er sett með vísan til 5. mgr. 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum. Gjaldskráin gildir frá birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda.

Laugarvatn, 25. júní 2024

Nanna Jónsdóttir, skrifstofustjóri

# Fundargerð

**20. fundur framkvæmdastjórnar Héraðsnefndar Árnesinga bs. kjörtímabilið 2022 – 2026, haldinn á Teams, 21. júní 2024, kl. 8:15**

**Mætt voru:** Helgi Kjartansson formaður, Gestur Kristjánsson, Sandra Sigurðardóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Kjartan Björnsson og Ingibjörg Garðarsdóttir.

1. **Fundarsetning**
   Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann spurði hvort einhverjar athugasemdir væru við fundarboð, engar athugsemdir komu fram.

2. **Samþykktir TÁ og BÁ**
   Framkvæmdastjórn fór yfir vinnufund sem haldinn var í húsakynnum SASS miðvikudaginn 19. júní. Öll aðildarsveitarfélög Héraðsnefndar Árnesinga voru boðuð á þann fund og farið var yfir drög að nýjum samþykktum fyrir Tónlistarskóla Árnesinga og Brunavarnir. Lögmanni falið að vinna úr niðurstöðum og athugasemdum sem fram komu á fundinum. Ákveðið var að boða til annars vinnufundar í lok sumars.

3. **Launamál forstöðumanns Listasafnsins**
   Launamál rædd og samþykkt var launaleiðrétting forstöðumanns Listasafnsins samkvæmt kjarasamningi.

4. **Bréf SSK, dags 18. júní 2024**
   Fjárhaldsmanni falið að ganga frá greiðslum.

Fundi slitið kl. 8:48

Sandra Sigurðardóttir, ritaði fundargerð.

Helgi Kjartansson
Kjartan Björnsson
Arna Ír Gunnarsdóttir
Sandra Sigurðardóttir
Gestur Þór Kristjánsson

# Fundargerð aukaaðalfundar SASS haldinn Akóges salnum í Vestmannaeyjum 7. júní 2024

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

Júní 2024

## Setning aukaaðalfundar

Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður SASS setur fundinn og býður þingfulltrúa velkomna á aukaaðalfund SASS, þakkar hún Vestmannaeyingum fyrir móttökurnar.

## Kosning fundarstjóra og fundarritara

Formaður tilnefnir fyrir hönd stjórnar Pál Magnússon og Eyþór Harðarson frá Vestmannaeyjabæ sem fundarstjóra og Rósu Sif Jónsdóttur frá Sveitarfélaginu Árborg sem fundarritara. Er það samþykkt samhljóða.

Í lok máls felur formaður fundarstjórum stjórn fundarins.

Páll og Eyþór taka til máls og bjóða fundargesti velkomna til Vestmannaeyja á aukaaðalfund SASS.

## Kosning kjörbréfanefndar

Páll tekur til máls og leggur fram svohljóðandi tillögu stjórnar SASS að kjörbréfanefnd.

| *Kjörbréfanefnd* | *Sveitarfélag* |
|---|---|
| Aldís Hafsteinsdóttir | Hrunamannahreppur |
| Sigurjón Vídalín Guðmundsson | Sveitarfélagið Árborg |
| Margrét Harpa Guðsteinsdóttir | Rangárþing ytra |

Er tillagan samþykkt samhljóða og tekur kjörbréfanefnd þegar til starfa.

## Yfirlit um störf stjórnar

Ásgerður Kristín Gylfadóttir formaður flytur skýrslu stjórnar sem fjallar um helstu verkefni á milli aðalfundar og aukaaðalfundar samtakanna 26. október 2023 og til 7. júní 2024.
Kynnir hún fimmtán aðildarsveitarfélögin sem standa að samtökunum, einnig fer hún yfir stjórn SASS en það verða breytingar á stjórn nú á fundinum. Hún kynnir skipurit og fer yfir starfsmenn SASS en breytingar hafa orðið á starfsmannahópnum.
Þriggja ára samningur um ART verkefnið er að renna út um næstu áramót. Hafið er samtal við mennta- og barnamálaráðuneytið um endurnýjun á samningi. Starf ART teymisins hefur eflst mikið frá upphafi og árangurinn verið góður. Vonast er eftir að viðræður um endurnýjun á samningi gangi vel.
Fer hún yfir samninga sem samtökin eru aðilar að s.s. um Sóknaráætlun Suðurlands, þjónustusamninga við SOS og EFS, samning um atvinnu- og byggðaþróun við Byggðastofnun, samning við samstarfsaðila vegna verkefna byggðaþróunarfulltrúa, samning við Íslandsstofu um samstarf um kynningarmál, upplýsingamiðlun og framgang fjárfestingaverkefna ásamt samning um áfangastaðastofu við ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið.
Grunnstarfsemi SASS snýst um að sinna hagsmunagæslu fyrir aðildarsveitarfélögin og eru þau að vinna að því alla daga.
Haldnir hafa verið átta stjórnarfundir frá síðasta aðalfundi og hafa þeir flestir verið í fjarfundi. Upplýsingafundir formanns og framkvæmdastjóra hafa verið haldnir fyrir sveitarstjórnir og hafa

þeir verið vel sóttir og mörg málefni verið rædd og kynnt. Einnig eru haldnir reglulegir fundir með öðrum landshlutasamtökum og formanni og framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga. Samningur við Markaðsstofu Suðurlands um rekstur á áfangastaðastofu rann út um áramótin og nýr árssamningur var gerður á milli MSS og Ferðamálastofu en sveitarfélögin eiga eftir að ákveða hvert framhaldið verður.
Bjarni hefur unnið í sprett hópi mennta- og barnamálaráðuneytisins um farsældarmálin. Nú er í boði viðaukasamningur við ríkið vegna farsældarráðsverkefnis undir merkjum Sóknaráætlunar og er nú tækfæri fyrir sveitarfélögin að vinna að þessum málum saman og fá greitt frá ríkinu.
Byggðaþróunarmálin eru stór þáttur í vinnu samtakanna, en með uppskiptingu á Suðurlandi í sjö atvinnusóknarsvæði varð til öflugur hópur fulltrúa sem vinna þétt saman og aðstoða hvert annað.
Sóknaráætlun hefur breyst, nú er nýr samningur að taka við sem gildir fyrir tímabilið 2025 – 2029 og við það verða einhverjar breytingar á áherslum.
Fjárframlög til landshlutasamtaka verða alltaf fyrir lækkun í fjárlögum og hefur það verið þannig í mörg ár. Samtökin hafa árlega gert athugasemdir við fjárlög og hafa þá fengist hækkanir við afgreiðslu fjárlaganefndar. Það er mikilvægt að fylgja þessu vel eftir.
Hlúa þarf að Uppbyggingarsjóði Suðurlands og styðja við verkefnið, við það eykst fjölbreytileiki atvinnulífs á Suðurlandi og hefur jákvæð áhrif á samfélagsþróun.
Í haustúthlutun 2023 bárust 96 umsóknir og var úthlutað 36,9 m.kr. til 64 verkefna. Verkefnin voru 54 í flokki menningar að fjárhæð 23,95 m.kr. og tíu verkefni í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna að fjárhæð 12,9 m.kr.
Í vorúthlutun 2024 bárust 134 umsóknir og var úthlutað tæpum 40,5 m.kr. til 66 verkefna. Verkin voru 50 í flokki menningar að fjárhæð 22,2 m.kr. og 16 verkefni í flokki atvinnu- og nýsköpunarverkefna að fjárhæð 18,3 m.kr.
Gerð er þjónustukönnun meðal styrkþega einu sinni á ári og hefur þjónusta SASS verið að koma vel út og eru aðilar sem nýta sér þjónustuna almennt mjög ánægðir.
Það skiptir máli að fá niðurstöður úr árangursmati meðal þeirra sem hljóta styrki en stór hluti styrkþega segja að verkefnið hefði ekki orðið að veruleika án styrkveitingar frá SASS.
Það geta allir sent inn tillögu að áhersluverkefni á vef SASS, nú eru í vinnslu eða nýlokið 33 verkefnum.
Að lokum spyr hún "Hvernig virkjum við Sóknaráætlun Suðurlands til næstu ára?"

## Niðurstöður kjörbréfanefndar um lögmæti fundarins

Aldís Hafsteinsdóttir formaður kjörnefndar kveður sér hljóðs og kynnir niðurstöður um lögmæti fundarins. Kemur fram að kjörnir fulltrúar eru 70. Alls eru 52 aðalfulltrúar mættir, 16 varamenn og 2 fjarverandi. Fundurinn úrskurðast því lögmætur.

## Ársreikningur SASS 2023

Bjarni Guðmundsson framkvæmdastjóri SASS kynnir ársreikning SASS fyrir árið 2023. Tekjur SASS á liðnu ári voru 208 m.kr., rekstrargjöld 216 m.kr. og fjármunatekjur um 8 m.kr. Rekstrartap ársins var því um 100 þ.kr. Fasteignamat fasteignar félagsins að Austurvegi 56 á Selfossi er fært upp í bókum samtakanna og mun framvegis fylgja fasteignamati. Eigið fé samtakanna er neikvætt um 1 m.kr.

Fundarstjóri gefur orðið laust. Enginn tekur til máls.

Páll fundarstjóri ber ársreikning samtakanna 2023 undir atkvæði og er hann samþykktur samhljóða.

## Tillögur að breytingum á samþykktum SASS

Árni Eiríksson formaður allsherjarnefndar SASS fer yfir tillögu um breytingar á samþykktum samtakanna og leggur fram eftirfarandi rökstuðning allsherjarnefndar fyrir tillögu um tvo fundi á ári:

*Samantekt með breytingartillögu allsherjarnefndar SASS sem lögð var fyrir ársþing samtakanna 2023 og nú lögð fram að nýju en afgreiðslu var á ársþinginu frestað til næsta auka- eða aðalfundar SASS. Tillagan er lögð fram óbreytt.*

*Allsherjarnefnd leggur til við ársþing SASS að gera breytingar á samþykktum SASS, um að halda skuli tvo árlega fundi í stað ársþings að hausti. Lagt er til að halda aðalfund á ársþingi að vori og haustfund á haustþingi. Er tillagan sett fram til að auka og efla upplýsingamiðlun og samráð kjörinna fulltrúa á Suðurlandi. Hafa umræður í allsherjarnefnd verið á þá leið að efla megi upplýsingamiðlun enn frekar með þeim breytingum. Með tveimur fundum á ári gefist tækifæri til aukinna umræðna á hvorum fundi fyrir sig og unnt sé að fela hvorum fundi sértæk hlutverk. Í stað þess að kveðið sé á um ársþing SASS að hausti er ársþing SASS haldið að vori. Samhliða ársþingi SASS að vori er aðalfundur haldinn og samhliða haustþingi er haldinn haustfundur. Á aðalfundi yrðu hefðbundin aðalfundarstörf, s.s. lagður fram ársreikningur, starfsskýrsla liðins árs og kosningar. Samhliða kosningum er lagt til að skipa í milliþinganefndir sem starfi frá aðalfundi fram að haustfundi. Hlutverk aðalfundar eru því fremur hefðbundin miðað við tímasetningu fundar að vori, þar sem unnt er að leggja meiri áherslu á nýliðið starfsár samhliða framlögðum ársreikningi og starfsskýrslu. Haustfundur fær þá í megin atriðum það hlutverk uppskeru umræðna og skoðanaskipta milliþinganefnda sem skila afurðum sínum inn í umræður um störf næsta árs. Hlutverk haustfundur verður því að fjalla um framlagðar tillögur nefnda um ályktanir og tillögur að verkefnum, samhliða umfjöllun um fjárhagsáætlun næsta árs og framlagðar áætlunar til þriggja ára. Gert er ráð fyrir því að skýrslur nefnda og ráða, tillögur stjórnar og tillögur sem borist hafa frá aðildarsveitarfélögunum eða réttkjörnum þingfulltrúum eigi við á báðum fundum. Þó er gengið út frá að megin þungi í málefnavinnu eigi sér stað á haustfundi. Með þessum breytingum er ársreikningur til umfjöllunar á eðlilegri tíma að mati nefndarinnar, unnt er að leggja meiri áherslu á umræður um starfsemi nýliðins árs og formfesta um leið störf milliþinganefnda. Lögð er til ákveðin útfærsla um milliþinganefndir sem gefur aðalfundi tækifæri til aukins sveigjanleika um hlutverk og heiti tiltekinna nefnda. Með því geta samtökin brugðist við áskorunum líðandi stundar út frá mati á þörf hverju sinni. Tillagan tekur einnig mið af þeim breytingum sem gerðar voru árið 2016 með því að tilgreina starfsnefndir en útfærslan tekin áfram og eins tekið mið af núverandi framkvæmd óháð úthlutunarreglum, s.s. með leiðbeinandi verklags fyrir nefndarvinnu. Eins er tekinn af allur vafi um lögmæti fjarfunda hvort sem um ræðir stjórnar-, nefnda- eða aðal- og haustfundi.*
*Árni Eiríksson*
*Formaður allsherjarnefndar*

*Bragi Bjarnason bæjarstjóri Sveitarfélagsins Árborgar leggur fram eftirfarandi tillögu bæjarfulltrúa Árborgar um breytingar á samþykktum SASS:*

*Lagt er til að stjórn SASS verði falið að láta endurskoða samþykktir SASS. Umræða hefur verið um breytingar á einstaka greinum í samþykktunum og telja undirrituð að það sé skynsamlegur kostur að horfa til heildarendurskoðunar á samþykktum SASS. Endurskoðaðar samþykktir yrðu þá lagðar fram til umræðu og afgreiðslu á haustfundi SASS 2024.*

*Fulltrúar Sveitarfélagsins Árborgar*

Fundarstjóri gefur orðið laus til máls taka Ásgerður Kristín Gylfadóttir, Íris Róbertsdóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Einar Freyr Elínarson, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Ari Björn Thorarensen, Álfheiður Eymarsdóttir, Margrét Harpa Guðsteinsdóttir og Jón Bjarnason.

Tillaga bæjarfulltrúa Árborgar um að fara í heildarendurskoðun á samþykktum SASS er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tekur til máls og ræðir um breytingar á samþykktum en hlutverkið þarf að vera skýrt. Spyr hún hvort að stjórn SASS hafi umboð sveitarfélaga til að vinna að farsældarmálum og geti þá fengið starfsmann í verkefnið. Biður hún sveitarfélögin að taka fyrir erindi sem sent hefur verið á öll sveitarfélögin um farsældarverkefni og senda niðurstöður til SASS.

Páll Magnússon fundarstjóri tekur til við stjórn fundarins.

## Kosning í stjórn og nefndir

Aldís formaður kjörbréfa- og kjörnefndar tekur til máls og leggur til eftirfarandi tilnefningar til við fundinn um aðal- og varamenn í stjórn SASS, kosið verði sér um formann og varaformann SASS:

### Stjórn SASS

**Aðalmenn:**
Gauti Árnason, Sveitarfélagið Hornafjörður
Jóhannes Gissurarson, Skaftárhreppur
Anton Kári Halldórsson, Rangárþing eystra
Njáll Ragnarsson, Vestmannaeyjabær
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbær
Sigurbjörg Jenný Jónsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

**Varamenn:**
Eyrún Fríða Árnadóttir, Sveitarfélagið Hornafjörður
Einar Freyr Elínarson, Mýrdalshreppur
Eyþór Harðarson, Vestmannaeyjabær
Margrét Harpa Guðsteinsdóttir, Rangárþing ytra
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Sandra Sigurðardóttir, Hveragerðisbær
Erla Sif Markúsdóttir, Sveitarfélagið Ölfus

Páll fundarstjóri leggur fram tillögu kjörnefndar um aðal- og varamenn í stjórn SASS og er hún borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Aldís formaður kjörnefndar leggur fram eftirfarandi tillögur kjörnefndar um formann og varaformann SASS:

Lagt er til að Anton Kári Halldórsson, Rangárþingi eystra verði formaður SASS og Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerðisbæ verði varaformaður.

Fundarstjóri gefir orðið laust, enginn tekur til máls.

Tillaga að formanni og varaformanni SASS er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir fráfarandi formaður tekur til máls. Þakkar hún fyrir tímann sem hún hefur verið formaður og í stjórn SASS sl. 6 ár, þetta hefur verið góður tími og hún hefur lært margt. Hún óskar nýrri stjórn velfarnaðar og hvetur sveitarstjórnarmenn til að bjóða sig fram til setu í stjórn SASS þegar tækifæri gefst.

Anton Kári Halldórsson nýkjörinn formaður SASS tekur til máls og þakkar traustið fyrir að fá að stýra samtökunum til næstu tveggja ára. Hlakkar hann til að vinna með nýrri stjórn en um leið þakkar hann fráfarandi stjórn fyrir samstarfið.

Nýkjörinn formaður og framkvæmdastjóri kveða sér hljóðs og þeir fá Njál Ragnarsson og Einar Freyr Elínarson til að flytja lag og texta en þar er fyrrverandi formanni þakkað fyrir vel unnin störf fyrir samtökin á liðnum árum.

Ásgerði Kristínu Gylfadóttur, Grétari Inga Erlendssyni, Margréti Hörpu Guðsteinsdóttur og Einari Frey Elínarsyni, er færður þakklætisvottur fyrir setu í stjórn en þau ganga úr stjórn að þessum fundi loknum.

Eyþór fundarstjóri tekur við stjórn fundarins.

Ásgerður Kristín Gylfadóttir tekur til máls og leggur fram tillögu fyrir fundinn um að fundurinn samþykki að teknar verði fyrir ályktanir á fundinum.
Eyþór leggur til að tillaga Ásgerðar um að ályktanir verði lagðar fram á fundinum verði samþykkt, er hún borin undir atkvæði samþykkt samhljóða.

**Ályktun vegna óstaðsettur í húsi**

Ása Valdís Árnadóttir tekur til máls og leggur fram eftirfarandi tillögu að ályktun á aukaaðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn er í Vestmannaeyjum 7. júní 2024:

*Sunnlensk sveitarfélög leggja til að farið verði í breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur sem feli í sér að einstaklingar, sem ekki eru með lögheimili í skráðu íbúðarhúsnæði, verði skráðir með ótilgreint heimilisfang í því sveitarfélagi þar sem viðkomandi var með tilgreint heimilisfang síðast, en ekki í því sveitarfélagi þar sem viðkomandi hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl. Það frjálsræði við skráningu lögheimilis sem leiðir af túlkun Þjóðskrár á núgildandi ákvæði í 2. mgr. 4. gr. laga um lögheimili og aðsetur er í andstöðu við skýr fyrirmæli laga um að lögheimili skuli skráð í íbúðarhúsnæði og að föst búseta sé óheimil í frístundabyggð. Túlkun Þjóðskrár er einnig til þess fallin að grafa undan forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum og getur auk þess haft slæm áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Markmiðið á bak við tillögu þessa að lagabreytingu er því að koma í veg fyrir að unnt sé að sniðganga bann við fastri búsetu og skráningu lögheimilis í frístundabyggð.*

**Greinagerð**
*Aukaaðalfundur Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga beinir eftirfarandi ályktun, annars vegar til Sambands íslenskra sveitarfélaga sem hafa eftirfarandi atriði í stefnumörkun sinni í skipulags- og húsnæðismálum:*

*6.7 Unnin verði áætlun um að útrýma óviðunandi og hættulegu íbúðarhúsnæði og sporna gegn óleyfilegri búsetu. Samhliða verði lögð áhersla á viðeigandi lausnir í húsnæðismálum fyrir þá sem búa í slíku húsnæði.*

*6.8 Sambandið beiti sér fyrir breytingum á lögum um lögheimili og aðsetur þar sem sérstaklega verið litið til fjölgunar þeirra sem skrá lögheimili án tilgreinds heimilisfangs. Við útfærslu lagabreytinga verði unnið út frá þeirri meginreglu að skipulag sveitarfélaga ráði því hvar heimilt er að skrá lögheimili og einnig hvar sveitarfélögum er skylt að veita þjónustu við íbúa.*

*Og hins vegar til innviðaráðherra sem fer með málefni sveitarfélaga og Þjóðskrár.*

*Grundvallar málaflokkur fyrir þróun byggðar, búsetufrelsis og samfélags eru skipulagsmál hvers sveitarfélags og er það í gegnum skipulagsáætlanir, þ.m.t. aðalskipulag, sem vinnan á sér stað. Við gerð og endurskoðun aðalskipulags fyrir sveitarfélag er að mörgu að huga en í aðalskipulagi á að koma fram stefna sveitarfélagsins um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Í aðalskipulagi hafa sveitarstjórnir ákveðna landnotkunarflokka sem þær vinna með til ákvörðunar m.a. um búsetufyrirkomulag og stýra þannig íbúa- og byggðaþróun með sínum skipulagsáætlunum og meta út frá því hverskonar uppbygging þarf að eiga sér stað í sveitarfélaginu. Samhliða aðalskipulagi eru unnar ýmsar áætlanir, m.a. húsnæðisáætlun sem aðstoða sveitarstjórnir og starfsmenn sveitarfélaga við að gera áætlanir um þjónustu og innviðauppbygginguí samfélaginu. Innviðir í sveitarfélögum eru t.d. leik- og grunnskólar, fráveitur og vatnsveitur.*

*Sveitarstjórnir hafa skipulagsvaldið og því fylgir ábyrgð en það er með skipulagsáætlunum sem ákveðið er hvernig íbúa- og byggðaþróun er í sveitarfélögunum og er það eins og áður sagði byggt á ýmsum áætlunum og stefnum sem unnar eru út frá hagsmunum hvers sveitarfélags. Skipulagsáætlanir geta svo vissulega tekið breytingum með formlegu skipulagsferli en aðalskipulagi er þó almennt ætlað að móta stefnu sveitarfélags til langs tíma.*

*Samkvæmt 4. mgr. 66. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands skulu allir, sem löglega búa á landinu, ráða búsetu sinni sjálfir og vera frjálsir ferða sinna með þeim takmörkunum sem settar eru í lögum. Í lögum um lögheimili og aðsetursegir að lögheimili skuli skráð í íbúð eða húsi sem er skráð sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og hefur staðfang. Í skipulagslögum og skipulagsreglugerð kemur skýrt fram að frístundabyggð sé ekki ætluð til fastrar búsetu og að föst búseta sé óheimil í frístundabyggð. Sú þróun sem er að eiga sér stað með aukinni skráningu á einstaklingum með ótilgreint heimilisfang, sem ekki búa í skráðu íbúðarhúsnæði, hefur einnig áhrif á skipulagsáætlanir sveitarfélaga sem og hagsmuni einstaklinga sem hafa keypt sér frístundahús eða frístundahúsalóð með væntingar um að þar verði framtíðar frístundahúsabyggð með takmarkaðri búsetu en ekki heilsársbúsetu.*

*Sunnlensk sveitarfélög lýsa yfir áhyggjum sínum yfir þeim aukna fjölda skráninga einstaklinga með ótilgreint heimilisfang innan sveitarfélaganna og auknum fjölda einstaklinga sem dvelja í atvinnuhúsnæði. Mest er skráning einstaklinga með ótilgreint heimilisfang í sveitarfélögum með miklar frístundabyggðir, en þó þekkist slík skráning víðar. Tilvikum sem þessum fjölgar ört innan sunnlenskra sveitarfélaga og er hlutfall einstaklinga sem skráðir eru án tilgreinds heimilisfangs mjög hátt þar í samanburði við íbúafjölda, svo og í samanburði við önnur sveitarfélög. Slík skráning setur m.a. íbúa- og byggðaþróun sveitarfélags úr skorðum, sem og mögulega stjórnsýslu sveitarfélags og uppbyggingu innviða, en dæmi eru um það að íbúar með ótilgreint heimilisfang séu 14,5% af íbúum sveitarfélags. Sunnlensk sveitarfélög telja að sú framkvæmd Þjóðskrár Íslands, að skrá einstaklinga með lögheimili í sveitarfélagi á grundvelli dvalar í frístundahúsi, grafi verulega undan skipulagsvaldi og sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaganna og sé í ósamræmi við meginreglur laga um lögheimili og aðsetur sem og skipulagslög. Að störfum er starfshópur skipaður af innviðaráðuneytinu í mars 2023 til að greina hvar einstaklingar sem skráðir eru ótilgreint í hús eru búsettir og hvort verið sé að misnota 2. mgr. 4. gr. laga um lögheimili og aðsetur til að auðvelda einstaklingum búsetu t.d. í frístundabyggð og sniðganga þar með bann við fastri búsetu og*

*skráningu lögheimilis á slíkum svæðum. Áætlað er að hópurinn skili af sér niðurstöðum á næstu vikum.*

*Sunnlensk sveitarfélög leggja til að farið verði í breytingu á lögum um lögheimili og aðsetur sem feli í sér að einstaklingar, sem ekki eru með lögheimili í skráðu íbúðarhúsnæði, verði skráðir með ótilgreint heimilisfang í því sveitarfélagi þar sem viðkomandi var með tilgreint heimilisfang síðast, en ekki í því sveitarfélagi þar sem viðkomandi hefur haft þriggja mánaða samfellda dvöl. Það frjálsræði við skráningu lögheimilis sem leiðir af túlkun Þjóðskrár á núgildandi ákvæði í 2. mgr. 4. gr. laga um lögheimili og aðsetur er í andstöðu við skýr fyrirmæli laga um að lögheimili skuli skráð í íbúðarhúsnæði og að föst búseta sé óheimil í frístundabyggð. Túlkun Þjóðskrár er einnig til þess fallin að grafa undan forræði sveitarfélaga í skipulagsmálum og getur auk þess haft slæm áhrif á rekstrargrundvöll þeirra. Markmiðið á bak við tillögu þessa að lagabreytingu er því að koma í veg fyrir að unnt sé að sniðganga bann við fastri búsetu og skráningu lögheimilis í frístundabyggð.*

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Haraldur Þór Jónsson og Helgi Kjartansson.

Tillaga að ályktunin vegna íbúa með ótilgreint heimilisfang er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Njáll Ragnarsson tekur til máls og leggur fram eftirfarandi tillögu að ályktun á aukaaðalfundi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga sem haldinn er í Vestmannaeyjum 7. júní 2024:

*Aukaaðalfundur SASS skorar á Alþingi að samþykkja tafarlaust samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Innviðaframkvæmdir á sjó, á landi og í lofti velta á því að áætlunin sé samþykkt og því ekki hægt að ljúka þingstörfum án þess að Alþingi afgreiði málið.*

*Þá hvetur fundurinn ríkisstjórnina til þess að tryggja fjármögnun rannsókna á jarðlögum á milli lands og Vestmannaeyja sem vinnuhópur um fýsileika Vestmannaeyjagangna telur nauðsynlegt að fara í til að hægt sé að taka ákvörðun um framtíðar samgöngur við Vestmannaeyjar.*

Fundarstjóri gefur orðið laust til máls taka Axel Árnason Njarðvík, Álfheiður Eymarsdóttir, Íris Róbertsdóttir, Anton Kári Halldórsson, Arnar Freyr Ólafsson og Njáll Ragnarsson.

Njáll Ragnarsson tekur til máls og leggur fram eftirfarandi breytingatillögu eftir umræður á fundinum:

*Aukaaðalfundur SASS skorar á Alþingi að samþykkja tafarlaust samgönguáætlun fyrir árin 2024-2038. Innviðaframkvæmdir á sjó, á landi og í lofti velta á því að áætlunin sé samþykkt og óásættanlegt að ljúka þingstörfum án þess að Alþingi afgreiði málið.*

*Þá hvetur fundurinn ríkisstjórn til þess að tryggja fjármögnun rannsókna á jarðlögum á milli lands og Vestmannaeyja sem vinnuhópur um fýsileika Vestmannaeyjagangna telur nauðsynlegt að fara í til að hægt sé að taka ákvörðun um framtíðar samgöngur við Vestmannaeyjar.*

Breytingatillaga að ályktun vegna samgönguáætlunar er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

**Íris Róbertsdóttir, bæjarstjóri Vestmannaeyjabæjar kynnir sveitarfélagið.**

Íris ræðir um þær áskoranir sem Vestmannaeyjar standa frammi fyrir í hagsmunagæslu. Ræðir hún um samgöngumálin. Það er mikilvægt að auðvelt sé að komast milli lands og Eyja. Eftir Covid-19 var ekki boðið upp á flug til Vestmannaeyja en nú á að bjóða út ríkisstyrkt flug næsta vetur en það verður einungis styrkt yfir vetrartímann.
Rekstur Herjólfs hefur gengið vel, var þó erfiður þegar að Covid-19 stóð yfir. Dýpkun og höfnin í Landeyjum er áhyggjuefni og kostnaðarsöm og hefur áhrif á mannlífið í Eyjunni, það ríkir mikil óvissa meðal íbúa. Það þarf að fara í endurbætur á húsnæði Herjólfs í Vestmannaeyjum og lagfæringu á stórskipakanti.
Það þarf að skoða vel hvort að jarðgöng séu ákjósanlegur valkostur og betri rekstrarlega þegar til lengri tíma er litið.
Vatnsleiðsla til Vestmannaeyja skaddaðist í nóvember sl. og er mikilvægt að koma upp varalögn til eyjunnar. Vestmannaeyjar hafa verið á hættustigi fram til þessa, ef lögnin fer þá er ekki hægt að halda uppi mannlífi og atvinnulífi. Einnig þarf að huga að rafstrengnum til Eyja því ef hann fer er keyrt á varaafli sem er keyrt á díselolíu. Það er ekki nóg að vera með einn rafstreng. Það er komið inn í kerfisáætlun að bæta við tveimur rafstrengjum og vonast hún eftir að farið verði í þær framkvæmdir. Ræðir hún um kostnaðinn við að vera á köldum svæðum, það eru ekki í lögum að heimilum sé tryggð forgangsorka en stórfyrirtækin eru með samninga varðandi það.
Heilbrigðisstofnun Suðurlands rekur sjúkrahús og dvalarheimili í Vestmannaeyjum. Það er ekki mikill skilningur hjá yfirstjórn varðandi reksturinn og getur ástæðan verið að það sé of langt í stjórnina, það væri æskilegt að aðili úr Eyjum væri í stjórn. Það þarf að gera móttöku á bráðamóttöku skilvirkari, einnig er nokkuð um sjúkraflug til og frá Vestmannaeyjum.
Að lokum ræðir hún um hvaða stóru mál eiga að vera á borði landshlutasamtakanna, það þarf að leggja ákveðin mál í forgrunn, það er betra að taka færri mál fyrir og gera það vel.

**Stefnumörkun fyrir Sóknaráætlun Suðurlands 2025 – 2029**

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir og Þórður Freyr Sigurðsson kynntu vinnufund um Sóknaráætlun Suðurlands 2025-2029 á aukaaðalfundi SASS 7. júní 2024.

Hólmfríður Sveinsdóttir, sérfræðingur í innviðaráðuneytinu, tekur til máls en hún er formaður í sóknarnefndinni en eitt helsta verkefni nefndarinnar er Sóknaráætlun landshluta.

Kynnti hún verkefnið *Sókn fyrir atvinnulíf og samfélag* sagði hún frá upphafinu og hvernig verkefnið hefur gengið fyrir sig varðandi Sóknaráætlun Suðurlands og hverju þær hafi áorkað fyrir ríki og sveitarfélög. Það hefur orðið mikil valddreifing og landshlutarnir eru orðnir mun öflugri. Með áætluninni hefur gengið vel að samþætta opinbera stefnu og áætlanir og með því verður meiri skilvirkni og gagnsæi. Það er gríðarlega mikil samstarf og samráð milli aðila.
Landshlutasamtökin og sóknarnefndin tengja saman 12 ráðuneyti og 63 sveitarfélög. Nýr samningar munu gilda til ársins 2030.
Þegar að sóknaráætlun er tilbúin þá er auðveldara að fara í aðgerðir og nota þær stefnur sem tilheyra hverju máli fyrir sig.
Það þarf að huga að því hvernig er hægt að nýta vannýttan mannauð, hugsa um, hvernig getum við og hvernig ætlum við að gera landshlutann enn betri og hvernig er hægt að láta alla róa í sömu átt. Einnig velti hún fram þeirri spurningu hvort sveitarstjórnir þekki sóknaráætlanir sem eru í gildi hjá þeim?

Þórður Freyr fer yfir stöðuna. Það er erfitt að fara yfir mælanleg markmið en markmiðin voru sett fyrir fimm árum síðan. Best er að finna út bestu mögulegu aðgerð til að ná ákveðnu markmiði.
Að meðaltali hafa 56 verkefni fengi úthlutað í hverri úthlutun. Farið verður í 10. úthlutunina í haust. Gerðar hafa verið þjónustukannanir og þjónustumat en það er mikilvægt að sjá hverju styrkveitingarnar eru að skila. Hægt er að skoða dreifingu um svæðið og einnig er hægt að sjá hvernig byggðaþróunarfulltrúum gengur að ná til aðila á sínu svæðum.
Velja þarf réttu áhersluverkefnin til að ná árangri. Eitt að markmiðunum er að auka fjármuni til nýrra verkefna í landshlutanum.

Kynnt er myndband en þar flytur Bergur Ebbi Benediktsson erindi um Sóknaráætlun Suðurlands.

Fundarmenn vinna í starfshópum að stefnumótendavinnu.

Á meðan á vinnu starfshópa stendur og í lokin draga Guðrún og Þórður saman upplýsingar sem komu úr vinnu sem fram fór á fundinum og kynna fyrir fundarmönnum.

Fundarstjórar óskar eftir heimild til handa fundarritara og fundarstjórum að ganga frá fundargerðinni og senda hana til sveitarfélaganna.

Nú er komið að fundarlokum aukaaðalfundar SASS og gefa fundarstjórar Antoni Kára Halldórssyni formanni orðið. Þakkar hann sveitarstjórnarmönnum fyrir góðan, málefnalegan og gagnlegan fund. Einnig þakkar hann fundarstjórum, starfsmönnum SASS og öðrum starfsmönnum fyrir góðan undirbúning fyrir fundinn og Vestmannaeyingum fyrir viðurgjörning allan.

Fundi slitið kl. 16:03

Rósa Sif Jónsdóttir fundarritari.

**Meðferðarheimilið Lækjarbakka – Hamarskot í Flóahreppi**

**Minnisblað**

**Dags. 27.06.2024 BOFS, sveitarstjórn**

Mætt: Hulda Kristjánsdóttir sveitarstjóri

Árni Eiríksson, oddviti

Harpa Magnúsdóttir, sveitarstjórnarfulltrúi

Hjalti Guðmundsson, sveitarstjórnarfulltrúi

Þórunn Jónasdóttir skólastjóri Flóaskóla

Þóra Pálmarsdóttir fulltrúi velferðarþjónustu

Funi Sigurðsson framkvæmdastjóri meðferðarsviðs Barna og fjölskyldustofu

Ólöf Á. Farestveit forstjóri Barna og fjölskyldustofu

1. **Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps**

Bókun sveitarstjórnar Flóahrepps frá 298. fundi dags. 04.06.2024:

*„Nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka – Fréttatilkynning frá Mennta- og barnamálaráðuneyti*

*Fyrir liggur fréttatilkynning af vef Mennta- og barnamálaráðuneytisins þar sem nýtt húsnæði fyrir meðferðarheimilið Lækjarbakka er kynnt og er staðsetningin Hamarskot í Flóahreppi.*

*Sveitarstjórn Flóahrepps gerir athugasemdir við að Mennta- og barnamálaráðuneytið og Barna- og fjölskyldustofa hafi ekki upplýst sveitarfélagið um áform sín um að opna meðferðarheimili að nýju í Hamarskoti. Sveitarstjórn er ljóst að um mikilvæga starfsemi er að ræða sem og ágætan húsakost sem er í eigu ríkisins. Engu að síður er mikilvægt að mati sveitarstjórnar að sveitarfélagið og íbúar sem búa í nágrenni meðferðarheimilis séu upplýstir um málið. Að mati sveitarstjórnar er eðli starfseminnar á meðferðarheimilinu Lækjarbakka ólík þeirri starfsemi sem var áður rekin í Hamarskoti. Sveitarstjórn leggur áherslu á að starfsleyfi er ekki hægt að færa frá Lækjarbakka í Hamarskot án eðlilegs ferils varðandi umsókn um starfsleyfi. Sveitarfélagið fer fram á að Barna- og fjölskyldustofa bjóði upp á samtal/kynningu fyrir sveitarstjórn og íbúa vegna málsins og er sveitarstjóra falið að útfæra það með framkvæmdastjóra Barna- og fjölskyldustofu.*

*Samþykkt með 5 atkvæðum."*

Sveitarstjórn ítrekaði athugasemdir vegna samráðsleysis við sveitarfélagið í málinu.

2. **Skipulagsmál**

Farið yfir hvaða skilgreining á landnotkun er í gildi og núverandi deiliskipulag. Skipulagsfulltrúi sveitarfélagsins hefur skoðað málið með sveitarstjórn. Að mati sveitarstjórnar er þessi starfsemi þess eðlis að landnotkun svæðisins sem landbúnaðarland á ekki við lengur ef við horfum til þess hver megin notkun þess verður. Hér ætti frekar við að skilgreina landnotkun svæðisins sem svæði fyrir samfélagsþjónustu.

***Samfélagsþjónusta (S).***

*Svæði fyrir stofnanir og fyrirtæki sem óháð eignaraðild veita almenna þjónustu við samfélagið, svo sem menntastofnanir, **heilbrigðisstofnanir,** menningarstofnanir, **félagslegar stofnanir,** trúarstofnanir og **aðrar þjónustustofnanir ríkis,** sveitarfélaga eða annarra aðila.*

Að mati sveitarstjórnar er breyting á notkun þar sem ekki er verið að horfa á íbúðahúsnæði heldur stofnun og þarf aðal- og deiliskipulag að taka mið af því.

Í núverandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir uppbyggingu á íbúðarhúsi, bílskúr og hesthúsi. Það er því ljóst að m.v. núverandi landnotkun og gildandi deiliskipulag er ekki gert ráð fyrir meðferðarheimili fyrir börn á svæðinu.

Að mati sveitarstjórnar væri eðlilegt að starfsemin verði skilgreind með eðlilegum hætti í aðalskipulagi og með gerð nýs deiliskipulags eða breytingum á núverandi skipulagi sem tæki á breyttri notkun svæðisins.

Skipulagsferlið er þess eðlis að auglýsa og kynna þarf áætlanir um breytta landnotkun til aðliggjandi landeigenda og hagsmunaaðila og leita umsagna til viðeigandi stofnanna og samhliða hefur almenningu tækifæri til að kynna sér málið og koma á framfæri umsögnum eða athugasemdum.

*Sveitarstjórn mun fara fram á að ekki verði gefið út starfsleyfi fyrr en búið er að fá skipulagsmál á hreint.*

**3. Frá BOFS um starfsemi Lækjarbakka**

Fulltrúar Barna- og fjölskyldustofu fóru yfir starfsemi Lækjarbakka og aðdragandann að undirritun samnings á milli HMS og BOFS um húsnæðið í Hamarskoti. Verið er að ástandsskoða húsnæðið í Hamarskoti og verða þau í sambandi við sveitarstjóra þegar sú skoðun hefur farið fram. Þau stefna að því að heyra í íbúum í nágrenninu vegna fyrirhugaðrar starfsemi.

**4. Skólamál og félagsþjónusta**

Rætt um hvernig skóla- og félagsmálum er háttað. Fóru yfir hvernig málum hefur verið háttað á Lækjabakka þar sem samningur er í gildi varðandi skóla. Barnavernd þess sveitarfélags sem skjólstæðingur á lögheimili í ber ábyrgð á barnaverndarmálum hverju sinni.